



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Er grunnskólinn að mæta þörfum allra nemenda?

Hindranir í stuðningi og stoðþjónustu nemenda með fjölþættar
stuðningsþarfir

Freydís Dögg Magnúsdóttir

Kristín Helga Auðunsdóttir

Lokaverkefni til BA-prófs

Júní 2023

DEILD MENNTUNAR OG MARGBREYTILEIKA

**Er grunnskólinn að mæta þörfum allra nemenda?
Hindranir í stuðningi og stoðþjónustu nemenda með fjölþættar
stuðningsþarfir**

Freydís Dögg Magnúsdóttir

Kristín Helga Auðunsdóttir

Lokaverkefni til BA-prófs í þroskaþjálfafraeði

Leiðbeinandi: Anna Björk Sverrisdóttir, aðjunkt

Deild menntunar og margbreytileika

Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2023

Er grunnskólinn að mæta þörfum allra nemenda? - Hindranir í stuðningi og
stoðþjónustu nemenda með fjölþættar stuðningsþarfir

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til BA-prófs
í þroskaþjálfarafræði við Deild menntunar og margbreytileika
á Menntavísindasviði Háskóla Íslands

© 2023 Freydís Dögg Magnúsdóttir og Kristín Helga Auðunsdóttir
Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfunda.

Ágrip

Á Íslandi er skólaskylda fyrir öll börn frá 6-16 ára aldurs og lögbundin skólastefna um að menntakerfið hér á landi eigi að vera án allrar aðgreiningar. Nemendur með fjölþættar stuðningsþarfir eiga því jafnan rétt á aðgengi að sömu menntun í sínum hverfisskóla og aðrir nemendur. Út frá lögum er mikilvægt að skoða hvort allir nemendur séu að fá þá þjónustu sem þeir eiga rétt á í sínum grunnskóla. Í þessari rannsókn er grunnskólanám nemenda með fjölþættar stuðningsþarfir skoðað. Rannsóknarspurningin er: Hvaða hindranir eru í stuðningi og stoðþjónustu við grunnskólanemendur með fjölþættar stuðningsþarfir? Rannsóknin er eigindleg þar sem tekin voru sex hálfopin viðtöl við níu viðmælendur sem allir eru starfsmenn grunnskóla og koma þar að stoðþjónustu. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að þrátt fyrir að í öllum grunnskólum sé stoðþjónusta þarfnist hún á flestum stöðum bætingar. Grunnskólana skortir fjármagn og mikil vöntun er á fagfólki inn í skólana sem stendur í vegi fyrir að nemendur með fjölþættar stuðningsþarfir fái fullnægjandi stuðning í námi. Viðmælendur voru sammála um að þörf væri fyrir fleira fagfólk innan grunnskólanna, betri og aukna fræðslu kennara og breytingu á menntakerfinu í takt við lög til að ryðja úr vegi þeim hindrunum sem eru til staðar í grunnskólanámi barna með fjölþættar stuðningsþarfir. Mikilvægt er að grunnskólar landsins fái þá þjónustu sem þeir þurfa á að halda til þess að geta sinnt nemendum með fjölþættar stuðningsþarfir og eftir hugmyndinni um skóla án aðgreiningar.

Efnisyfirlit

ÁGRIP	3
FORMÁLI	6
INNGANGUR	7
1 FÖTLUN OG FATLAÐ FÓLK	9
1.1 LÍF FATLAÐS FÓLKS Í GEGNUM ÁRIN	9
1.2 SJÓNARHORN Á FÖTLUN	10
1.3 ÁSKORANIR Í NÁMI	10
1.3.1 ADHD	11
1.3.2 EINHVERFA	11
1.3.3 ÞROSKAHÖMLUN	12
1.4 LÍÐAN NEMENDA	13
2 GRUNNSKÓLAKERFIÐ	15
2.1 LAGALEGUR RAMMI GRUNNSKÓLANS	15
2.2 LEIÐ FATLAÐRA BARNNA INN Í GRUNNSKÓLA	16
2.2.1 SKÓLI FYRIR ALLA	16
2.2.2 SKÓLI ÁN AÐGREININGAR	17
2.3 STOÐÞJÓNUSTA OG STUÐNINGUR	18
2.3.1 ÚRRÆÐI Á VEGUM SVEITARFÉLAGA	19
2.3.2 EINKAREKIN ÚRRÆÐI	20
2.4 AÐGREINING	20
2.5 STAÐAN Á ÍSLANDI Í DAG	21
3 FYRRI RANNSÓKNIR	23
3.1 KENNARAR OG STUÐNINGUR	23
3.2 SKÓLI ÁN AÐGREININGAR Í EVRÓPU	23
3.3 AÐLÖGUN NÁMS	24
3.4 MIKILVÆGI SKÓLAGÖNGU	25
3.5 ERFIÐLEIKAR VIÐ NÁM	25
4 RANNSÓKNIN	27

4.1	TILGANGUR RANNSÓKNAR	27
4.2	AÐFERÐIR OG GÖGN	27
4.3	ÞÁTTTAKENDUR	28
4.4	ÚRVINNSLA GAGNA	29
4.5	SÍÐFERÐILEG ÁLITAMÁL	29
5	<u>NIÐURSTÖÐUR</u>	<u>31</u>
5.1	VÖNTUN Á FAGFÓLKI INN Í GRUNNSKÓLANA	31
5.2	STOÐÞJÓNUSTA	33
5.3	BREYTINGAR Á SKÓLAKERFINU	35
6	<u>UMRÆÐUR</u>	<u>38</u>
7	<u>LOKAORÐ</u>	<u>42</u>
	<u>HEIMILDASKRÁ</u>	<u>43</u>
	<u>VIÐAUKI 1</u>	<u>48</u>
	<u>VIÐAUKI 2</u>	<u>50</u>
	<u>VIÐAUKI 3</u>	<u>51</u>

Formáli

Rannsókn þessi er bakkalárverkefni okkar í þroskaþjálfafraeði við Háskóla Íslands. Við höfum hvorug unnið í grunnskólum og því þótti okkur áhugavert að kynna okkur málið betur. Komast að því hvað skólarnir eru að gera vel í sambandi við nemendur með fjölþættar stuðningsþarfir en einnig að skoða hvað þyrfti að bæta. Var rannsóknin unnin undir leiðsögn Önnu Bjarkar Sverrisdóttur, þroskaþjálfara og aðjunktis við Háskóla Íslands. Viljum við þakka henni kærlega fyrir allan þann stuðning og góðu leiðsögn sem hún veitti okkur við vinnslu verkefnisins. Viðbótar þakkir fá fjölskyldur og vinir okkar fyrir stuðning og hvatningu gegnum námið. Án ykkar hefði þetta ekki tekist.

Þetta lokaverkefni er samið af okkur undirrituðum. Við höfum kynnt okkur Vísindasiðareglur Háskóla Íslands (sjá www.hi.is/haskolinn/log_og_reglur, undir Sameiginlegar reglur). Við höfum gætt viðmiða um siðferði í rannsóknum og fyllstu ráðvendni í öflun og miðlun upplýsinga, og túlkun niðurstaðna. Notkun okkar á heimildum er í samræmi við 4. mgr. 54. gr. Reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009. Við vísum til alls efnis sem við höfum sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Við þökkum öllum sem lagt hafa okkur lið með einum eða öðrum hætti en berum sjálfar ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfestum við með undirskrift okkar.

Reykjavík 8. maí 2023

Freydís Dögg Magnúsdóttir og Kristín Helga Auðunsdóttir

Inngangur

Á Íslandi er skólaskylda fyrir öll börn frá 6-16 ára aldurs. Þeir nemendur sem eiga erfitt með nám sama hvort það er vegna andlegra eða líkamlegra örðugleika, eiga rétt á sérstökum stuðningi í námi. Á Íslandi er lögbundin skólustefna sem segir að menntakerfið hér á landi eigi að vera án allrar aðgreiningar og eigi að þjóna hverjum og einum nemanda á hans eigin forsendum (lög um grunnskóla nr. 91/2008). Skólakerfi þar sem allir nemendur eru velkomnir og þeim er mætt á þeirra forsendum kallast skóli án aðgreiningar (e. inclusive education) en með því hugtaki er átt við skipulagt skólustarf þar sem nemendur eru ekki aðgreindir í sérstaka skóla, deildir eða bekkir eftir námsgetu heldur eru skólarnir byggðir þannig upp að allir geti stundað þar nám samkvæmt sinni námsgetu. Til þess að skóli án aðgreiningar geti virkað þarf fagfólk í alla grunnskóla landsins til að sinna þeirri þjónustu (Berglind Rós Magnúsdóttir, 2016).

Mikilvægt er að öllum börnum líði vel í grunnskólanum sínum því ef þeim líður ekki vel fer ekkert nám fram. Það er lögum samkvæmt að öll börn eigi að vera í grunnskóla og til að það sé gerlegt verður sú þjónusta sem þörf er á að vera til staðar (lög um grunnskóla nr. 91/2008). Það er mikilvægt að opna enn frekar á umræðuna um grunnskólakerfið, hvort það sé að virka eins og skyldi eða ekki, kynnast þeim úrræðum sem nú þegar eru í boði og heyra frá fagfólki hvaða lausnir þau myndu vilja sjá í sínu starfi til að geta veitt öllum nemendum einstaklingsmiðað nám. Í lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir (nr. 38/2018) eru stuðningsþarfir skilgreindar sem þarfir einstaklings fyrir þjónustu eða aðstoð í daglegu lífi vegna fötlunar og þar er komið inn á að stuðningsþarfir séu einstaklingsbundnar. Fyrri rannsóknir sýna fram á að kennarar eru ekki að fá næga kennslu í sínu námi til þess að mæta nemendum með fjölbættar stuðningsþarfir og upplifi þar af leiðandi vanmátt þegar þeir eiga að mæta ólíkum þörfum nemenda sinna (Guðbjörg Ólafsdóttir og Berglind Rós Magnúsdóttir, 2017; Sigrún Harðardóttir o.fl., 2022).

Áhuginn á efninu sem hér er til umfjöllunar kviknaði eftir að höfundar heyrðu sögu af ungum nemanda sem var rekinn úr sínum hverfisskóla. Það vakti höfunda til umhugsunar hvort það hafi raunverulega ekki verið hægt að gera neitt innan skólans til að fyrirbyggja slíka ákvörðun sem er gríðarlega stór og afdrifarík. Viðbrögð skóla drengsins eru ekki í samræmi við þau lög og þær reglugerðir sem eru í gildi hér á landi og því var ástæða til að kanna málið betur. Ákveðið var að fara af stað með eiginlega rannsókn með það markmið að komast að því hvað grunnskólarnir í landinu eru að gera til þess að mæta nemendum með fjölbættar stuðningsþarfir og skoða hvaða hindranir séu þar í vegi. Rannsóknarspurningin er : Hvaða hindranir eru í stuðningi og stoðþjónustu við grunnskólanemendur með fjölbættar stuðningsþarfir? Tekin voru viðtöl við níu viðmælendur sem allir eru starfsmenn grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu og koma að stoðþjónustu sinna grunnskóla. Í tveimur viðtölum voru

viðmælendur tveir saman og í öðru viðtali voru þrír viðmælendur saman í tvískiptu viðtali, aðrir viðmælendur voru einir.

Ritgerðin skiptist í 7 kafla, í upphafi verður byrjað á umfjöllun um fötlun og fatlað fólk, farið yfir líf fatlaðs fólks í gegnum árin og sjónarhorn á fötlun. Fjallað stuttlega um áskoranir í námi og leið fatlaðra barna inn í grunnskólana. Þaðan er farið yfir í almenna umfjöllun um grunnskólakerfið, lagalegan ramma og uppbyggingu þess ásamt því að farið verður fyrir stöðuna á Íslandi í dag. Þá verður fjallað um fyrri rannsóknir sem tengjast skólastarfi grunnskóla. Eftir það verður farið yfir aðferðafræði rannsóknarinnar og greint frá gagnasöfnun, þátttakendum hennar, úrvinnslu gagna og siðferðilegum álitamálum. Þá verða niðurstöðum rannsóknarinnar gerð skil út frá þeimum hennar og í umræðukaflanum verða niðurstöður ræddar og loks binda svo lokaorðin endahnúttinn.

1 Fötlun og fatlað fólk

Í eftirfarandi kafla verður fjallað um fötlun og fatlað fólk. Þegar rætt er um stuðning við nemendur með stuðningsþarfir í skólum er mikilvægt að þekkja sögu fatlaðs fólks því það má ætla að hún hafi mikil og mótandi áhrif á uppbyggingu stuðningskerfisins eins og það er í dag.

1.1 Líf fatlaðs fólks í gegnum árin

Hugtakið fötlun er mjög vítt og ástæður fötlunar geta verið margskonar, fólk getur fæðst með fötlun en flestir eða um 97% fatlast seinna á lífsleiðinni í kjölfar veikinda, slysa, fátæktar eða jafnvel mengunar. Fatlanir geta bæði verið andlegar og líkamlegar. Talið er að um 16% af mannkyninu, sem samsvarar um 1,3 milljarði manns séu með fötlun af einhverju tagi. Einnig er talið að nær allir muni upplifa einhvers konar fötlun, hvort sem hún er tímabundin eða varanleg, á einhverjum tímapunkti í lífinu (World Health Organization, 2023). Í Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (2007) kemur fram að „hugtakið fötlun þróast og að fötlun verður til í samspili fólks með skerðingar og umhverfis og viðhorfa sem hindra fulla og árangursríka samfélagsþátttöku til jafns við aðra“.

Fatlað fólk hefur verið til alla tíð þó mis mikið hafi borið á því. Áður fyrr var fatlað fólk oft falið og ákveðin skömm var yfir því að eiga fatlað barn. Fyrir iðnbyltinguna á 19. öld var fólk dæmt eftir því hvort það gat unnið eða ekki, og því duglegra sem fólk var því betur aðlagðist það samfélaginu og umburðarlyndið gagnvart því var meira. Þeir sem ekki gátu séð fyrir sér og unnið voru kallaðir ómagar og ætla má að stór hluti ef ekki allir þeirra hafi verið fatlað fólk. Með iðnbyltingunni urðu störfin erfiðari og flóknari og þá fyrst fór fatlað fólk að útilokast. Framleiðslan fór frá heimilum fólks yfir í verksmiðjur sem leiddi það af sér að fólk flutti úr sveitum yfir í þéttbýli. Störfin voru of tæknileg fyrir flest fatlað fólk og því hafði fatlað fólk ekki eins greiðan aðgang að atvinnu líkt og það gerði áður. Þar sem ekki lengur var hægt að nýta krafta fatlaðs fólks í vinnu var ákveðið að vista þau inni á stofnunum (Þorvaldur Kristinsson, 2015).

Árið 1936 var í fyrsta skiptið fjallað um fólk með þroskahömlun í íslenskum lögum þegar samþykkt voru lög um fávindahæli (nr. 18/1936). Í 1. gr. laganna segir meðal annars að: „Ríkið skal reka eitt aðalhæli fyrir fávita. Hæli þetta skal vera í senn hjúkrunar-hæli, uppeldis- og kennsluhæli og vinnuhæli“. Í 4. gr. laganna segir einnig að fávindahæli skuli veita þeim vistmönnum sem hæfir eru kennslu. Þar sem ekki var til nægt fjármagn strax urðu Kleppjárnsreykir í Borgarfirði fyrsta ríkisrekna stofnunin fyrir fatlað fólk og voru þeir stofnaðir árið 1944 eða 8 árum eftir að löggin voru samþykkt. Þar var starfsemi til ársins 1958 eða allt þar til öll starfsemi færðist yfir á Kópavogshælið. Kópavogshælið var stofnað árið 1952 og átti hælið að vera í senn hjúkrunarhæli, uppeldis- og kennsluhæli og vinnuhæli. Annar staður í líkingu við Kópavogshæli var opnaður á Akureyri 1969 og hét sá staður Sólborg og þjónustaði

hann einstaklinga með fötlun frá öllu Norðurlandi. Með árunum hefur þó líf fatlaðs fólk breyst til hins betra. Fatlað fólk er flutt af stofnunum og komnir eru íbúðakjarnar þar sem að fatlað fólk getur búið í sinni eigin íbúð og fengið inn á heimili sín þá þjónustu sem það þarf á að halda. Með þessum breytingum hefur fatlað fólk öðlast meira sjálfstæði og virkari þátttöku í samfélaginu (Hrefna Friðriksdóttir o.fl., 2016). Í takt við miklar breytingar á lífi fatlaðs fólks í gegnum árin hefur mismunandi skilningur og sjónarhorn á fötlun litið dagsins ljós.

1.2 Sjónarhorn á fötlun

Fyrsta sjónarhornið sem kom fram kallaðist trúarlega sjónarhornið. Með trúarlega sjónarhorninu var litið á fatlað fólk sem afleiðingu af syndum foreldra sinna og að fötluð börn væru afkvæmi djöfulsins. Öll ábyrgð var sett á fjölskylduna og ef hún hafði ekki tök á að sjá um barnið sitt var eina lausnin að senda barnið í klaustur eða á fátækraspítala. Meirihluti fatlaðra barna sem fæddust á þessum tíma voru þó drepin (Hanna Björg Sigurjónsdóttir o.fl., 2013)

Í dag er oftast talað um tvö mismunandi sjónarhorn á fötlun, annars vegar læknisfræðilega sjónarhornið og hins vegar félagslega sjónarhornið. Með læknisfræðilega sjónarhorninu er alltaf verið að leitast eftir því sem er að hjá einstaklingnum og reynt að finna út úr því hvernig sé hægt að lækna hann. Fólk er flokkað eftir stigum þroskahömlunar þess og fær þjónustu eftir því. Litið er á fötlun sem andstæðu þess hvað telst vera heilbriggt og eðlilegt og áhersla er lögð á að greina líkamlega og/eða andlega skerðingu. Þannig lítur læknisfræðilega sjónarhornið á fötlun sem galla og á einstaklinginn sem uppsprettu vandans (Hanna Björg Sigurjónsdóttir o.fl., 2013).

Félagslega sjónarhornið lítur hins vegar svo á að það sé samfélagið sem fatlar fólk en ekki skerðingin sjálf. Félaglega sjónarhornið aðgreinir skerðingu og fötlun og segir að fötlun verði til vegna neikvæðra viðhorfa, umhverfis og hindrana t.d. óaðgengilegra bygginga, skorts á menntun og atvinnu og útskúfun og útilokun frá samfélaginu. Skerðing er hins vegar líkamleg svo sem heyrnarleysi, þroskahömlun, hreyfihömlun og þess háttar (Hanna Björg Sigurjónsdóttir o.fl., 2013).

1.3 Áskoranir í námi

Margar ástæður geta verið fyrir því að nemendur eiga erfitt með nám og þurfi á aukinni aðstoð að halda. Áskoranir í námi geta verið af ýmsum toga, bæði andlegar og líkamlegar. Sem dæmi má nefna ADHD, einhverfu og þroskahömlun, en það er langt frá því að vera tæmandi listi (Guðrún V. Stefánsdóttir og Kristín Björnsdóttir, 2016). Stoðþjónusta innan grunnskóla hefur verið lituð af læknisfræðilega skilningnum á fötlun í mörg ár þar sem nemendur fá þann stuðning sem þeir þurfa á að halda eftir þeim greiningum sem þeir eru

með (Ruth Jörgensdóttir Rauterberg og Anna Björk Sverrisdóttir, 2020). Í þessum kafla verður fjallað um ADHD, einhverfu og þroskahömlun og gerð grein fyrir því hverju þessar raskanir geta haft áhrif á skólagöngu nemenda.

1.3.1 ADHD

ADHD er skammstöfun á enska heitinu Attention Deficit Hyperactivity Disorder sem á íslensku hefur verið þýtt sem athyglisbrestur með ofvirkni og oft skammstafað AMO, en hér verður talað um ADHD enda er það nafnið sem hefur fest sig í sessi (ADHD samtökin, e.d.). ADHD er algengasta greinda röskunin hjá börnum í heiminum og talið er að um 8% af mannkyninu sé með ADHD (Creelman, 2021). Nýlegar rannsóknir hafa sýnt fram á að meðaltali séu um 2-3 börn í hverjum bekk með ADHD. Drengir eru líklegri til þess að vera greindir með ADHD og talið er að á móti hverri stúlku sem er greind með ADHD séu þrír drengir, en það verður þó að taka inn í myndina að stúlkur eru ólíklegri til þess að greinast með ADHD þar sem einkenni þeirra eru oft ekki jafn sýnileg (ADHD samtökin, e.d.).

Samband bandarískra geðlækna (e. The American Psychiatric Association) hafa flokkað ADHD í 3 tegundir. ADHD með ráðandi athyglisbrest, ADHD með ráðandi ofvirkni og hvatvísi og ADHD blönduð gerð, með bæði athyglisbrest, ofvirkni og hvatvísi. ADHD er talið vera taugaþroskaröskun þar sem það einkennist aðallega af truflun á tilteknum andlegum hæfileikum sem veldur því að fólk með ADHD á oft erfiðara með einbeitingu, athygli og eru oft hvatvís og/eða ofvirk (Creelman, 2021). Börn með ADHD eru líklegri til þess að eiga við námserfiðleika en önnur börn sem gerir það að verkum að þau fúnkera oft illa innan skólaumhverfisins (Björk Þórarinsdóttir, e.d.).

Munurinn á börnum með ADHD og öðrum börnum kemur oft strax fram í leikskóla. Nemendur með ADHD eru líklegri til þess að hafa lægri meðaleinkunn en önnur börn og þau skora lægra í lestri, ritun og stærðfræði en samnemendur þeirra. Það er mikilvægt að koma til móts við þarfir nemenda með ADHD eins snemma og hægt er svo að þau nái að njóta sín innan skólasamfélagsins. Með því að gefa nemendum með ADHD þann stuðning sem þau þurfa á að halda er verið að bæta lífsgæði þeirra töluvert til framtíðar (Creelman, 2021).

1.3.2 Einhverfa

Einhverfa er röskun á taugaþroska sem veldur óeðlilegum þroska á heilanum. Birtingarmynd einhverfu er misjöfn eftir fólki en algengast er að fólk með einhverfu eigi erfitt með félagsleg samskipti, tjáskipti og mál, sýni áráttukennda hegðun og eru oft með afmörkuð áhugasvið sem þau verða oft sérfræðingar í. Einhverfa er í flestum tilfellum meðfædd en einkenni hennar koma oftast fram við 2-3 ára aldur og eru til staðar alla ævina. Rannsóknir hafa sýnt fram á að drengir séu þrisvar til fjórum sinnum líklegri til þess að greinast með einhverfu en stúlkur („What is autism?: What is autism? What is autism spectrum disorder?“, 2012).

Fólk með einhverfu á erfitt með að vinna úr skynáreitum og átta sig á til hvers sé ætlast af þeim þar sem þau átta sig ekki alltaf á óskrifuðum reglum samfélagsins. Samkvæmt alþjóðlegum stöðlum byggist einhverfugreining á þremur einkennum, skertri færni í félagslegum samskiptum, skertri færni í máli og tjáskiptum og sérkennilegri og árátukenndri hegðun. Fólk með einhverfu á oft í erfiðleikum með sterk eða flöktandi ljós, hávaða, klið og óvænta snertingu sem gerir þeim oft erfitt fyrir að vera á meðal fólks eða í almenning (Einhverfusamtökin, 2021). Rannsóknir hafa sýnt fram á að með snemmtækri íhlutun fyrir börn með einhverfu er hægt að tryggja þeim betri lífsgæði. Í námi þarf að hafa í huga að þar sem einhverfa birtist á ólíkan hátt hjá nemendum er mikilvægt að setja upp persónubundna einstaklingsáætlun fyrir hvern og einn („What is autism?: What is autism? What is autism spectrum disorder?“, 2012).

1.3.3 Proskahömlun

Proskahömlun er algengasta fötlunargreiningin á börnum og talið er að um 1-2% barna séu með þroskahömlun (Ráðgjafar- og greiningarstöð, e.d.). Proskahömlun er skilgreind út frá þremur breytum, heildartölu greindar (e. IQ) sem metin er með greindarprófum, aðlögunarfærni (e. adaptive behavior) og aldri þar sem að einkenni þurfa að hafa komið fram fyrir 18 ára aldur. Greining á þroskahömlun er gerð út frá mælingum á vitsmunaproška og aðlögunarfærni en einnig klínísku mati fagaðila á niðurstöðum (Shapiro og Batshaw, 2019). Proskahömlun lýsir sér meðal annars í erfiðleikum með eftirfarandi miðað við jafnaldra: mál, skynjun, vitsmuni, einbeitingu, minni, tilfinningastjórn, hreyfifærni og hegðun. Birtingarmynd þroskahömlunar einkennist fyrst og fremst af frávikum í vitsmunaproška og aðlögunarfærni. Áhættuþættir fyrir þroskahömlun eru margir en sem dæmi má nefna vandamál í kringum fæðingu, fyrir- og léttbura, eiturefni í umhverfi eins og áfengi á meðgöngu og vanörvun (Batshaw o.fl., 2019).

Samkvæmt flokkunarkerfi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar ICD 10 er þroskahömlun skipt í fjögur stig eftir greindarvísitölu. Væg þroskahömlun, greindarvísitala 50-69, miðlungs þroskahömlun, greindarvísitala 35-49, alvarleg þroskahömlun, greindarvísitala 20-34 og djúp þroskahömlun, greindarvísitala <20 (Tryggvi Sigurðsson, 2008). Börn með þroskahömlun eiga yfirleitt í miklum námserfiðleikum sem og erfiðleikum tengdum félagslegum samskiptum við jafnaldra og því getur verið erfitt fyrir þessi börn að fara í grunnskóla. Því er mikilvægt að mæta þessum nemendahópi þar sem þau eru stödd og byrja snemmtæka íhlutun eins fljótt og hægt er þar sem að með markvissri þjálfun er oft hægt að hafa jákvæð áhrif á þroskaframvindu þeirra og þannig undirbúa þau betur fyrir að takast á við daglegt líf seinna á æviskeiðinu (Ráðgjafar- og greiningarstöð, e.d.).

1.4 Líðan nemenda

Líðan nemenda er stöðugt að verða meira áberandi í þjóðfélagssumræðunni og hefur orðið vart við að skólaforðun sé að verða algengari en áður. Hugtakið er svokallað regnhlífarhugtak og nær yfir það hegðunarmynstur þegar barn forðast að mæta í skólann, hvort sem um skemmri eða lengri tíma er að ræða. Eru áhrif skólaforðunar mismunandi og einkennin eru streita, erfiðleikar með námið, einangrun félagslega og eru auknar líkur á áhættuhegðun, togstreitu á heimili nemanda, átökum ásamt fleiru. Kemur þetta fram í lokaskýrslu teymis í Reykjavíkurborg um skólaforðun barna í efri bekkjum grunnskóla og neðstu bekkjum framhaldsskóla. Má af skýrslunni draga þá ályktun að skólaforðun byrji ekki að eiga sér stað fyrst í efri bekkjum grunnskóla heldur sé rót vandans mögulega erfiðleikar í skóla sem hafa átt sér langan aðdraganda. Í skýrslunni kemur einnig fram að lítið sé til af rannsóknum héraendis um efnið en að niðurstöður bandarískra rannsókna sýni að tæplega 30% barna og ungmenna þar í landi séu að kljást við skólaforðun og vísbendingar um aukningu á tilfinningavanda. Hefur verið gripið til úrræða vegna þessa og unnið markvisst að fræðslu til nemenda og foreldra um skólaforðun (Reykjavíkurborg, 2017).

Getur líðan barna einnig komið fram í krefjandi hegðun, en er þá átt við erfiða hegðun sem truflar daglegt líf og hefur margskonar birtingarmyndir t.d. sinnuleysi í námi, vanvirðingu, óhlýðni og hvatvísi. Í rannsókn sinni fóru þær Sesselja Árnadóttir og Anna-Lind Pétursdóttir (2013) af stað með það markmið að fá innsýn í reynsluheim nemenda af viðbrögðum skólans vegna krefjandi hegðunar þeirra og erfiðleika tengda hegðun. Getur krefjandi hegðun takmarkað þátttöku nemenda í skólanum og haft neikvæð áhrif á námsárangur og virkni í bekk. Í hverjum einasta bekk er að jafnaði einn eða fleiri nemendur í erfiðleikum með hegðun, sem er talið verið eitt af mest krefjandi verkefnum kennara að takast á við (Sesselja Árnadóttir og Anna-Lind Pétursdóttir, 2013).

Í Aðalnámskrá grunnskóla (2011) kemur fram að það sé skylda skólans að mæta þörfum nemenda og þar með talin þörf fyrir úrræði vegna krefjandi hegðunar en nauðsynlegt er að hafa í huga hvernig upplifun nemenda er af þeim úrræðum sem notuð eru til að draga úr krefjandi hegðun. Hafa rannsóknir sýnt að neikvæð reynsla og/eða upplifun getur ýtt undir skólaforðun eða brotthvarf úr skóla ásamt því að þeir nemendur sem hafa tjáð sig um erfiða skólagöngu eiga það sameiginlegt að hafa fengið strangari refsingar en aðrir, þeim síður verið trúað og þeir séu oft settir sem sökudólgur án athugunar. Sýna niðurstöður að þátttakendum fannst ekki tekið tillit til sérþarfa eða erfiðleika, upplifðu neikvæðni og vildu framkomu sem sýndi meiri virðingu og skilning. Það er oftast en ekki ástæða fyrir því af hverju nemendur sýna erfiða hegðun í skólanum og það er eitthvað sem þarf að rannsaka í hverju tilfelli fyrir sig. Nemendur geta verið með greindar eða ógreindar raskanir sem valda námshömlunum sem valda því að skólaumhverfið valdi þeim vanlíðan

sem þau sýna með hegðun sinni. Allir nemendur eiga rétt á því að komið sé til móts við þarfir þeirra innan þeirra hverfisskóla (Sesselja Árnadóttir og Anna-Lind Pétursdóttir, 2013). Með þetta í huga er vert að skoða grunnskólakerfið og hvað það felur í sér.

2 Grunnskólakerfið

Í eftirfarandi kafla verður fjallað um grunnskólakerfið og farið yfir þá þjónustu sem í boði er innan og utan skóla. Kemur fram í markmiðum laga um grunnskóla (91/2008) að hlutverk skólans sé að stuðla að þroska allra nemenda í samvinnu við heimili. Ásamt því að vinna að farsælu skólastarfi þar sem allir nemendur njóta umburðarlyndis og kærleika (Lög um grunnskóla nr. 91/2008). Grunnskólinn er starfræktur á vegum sveitarfélaga og kemur ábyrgð sveitarfélaga fram í 5. gr. laga um grunnskóla (2008) sem segir að ásamt þeirri skyldu að bjóða öllum börnum sem eiga þar lögheimili upp á skólavist, sé það einnig að hafa samstarf við aðila utan skóla. Er grunnskólinn vinnustaður nemenda og þeir hafa sínum skyldum að gegna gagnvart námi sínu (Lög um grunnskóla nr. 91/2008).

2.1 Lagalegur rammi grunnskólans

Lagalegur rammi og reglugerðir sem varða grunnskólann er víðtækur og að mörgu að huga. Í lögum um grunnskóla (nr. 91/2008) kemur fram að samkvæmt lögum er grunnskólinn 10 ára skyldunám sem hefst þegar barn er 6 ára og lýkur á 16. aldursári. Sveitarfélög bera meginábyrgð á því að lögum um grunnskóla sé framfylgt, sjá börnum með lögheimili í viðkomandi sveitarfélagi fyrir skólavist sem og skólahaldi. Menntamálaráðuneytið hefur umsjón með öllum málefnum grunnskólans. Samkvæmt lögum um grunnskóla eiga nemendur sem eiga erfitt með nám, rétt á stuðningi í námi, hvort sem erfiðleikarnir stafa af fötlun eða öðrum orsökum (lög um grunnskóla nr. 91/2008). Er stefnt að því að menntun beinist að því að rækta persónulega hæfileika, líkamlega og andlega getu með virðingu fyrir mannréttindum og þeim grundvallar sjónarmiðum sem koma fram í sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Grunnskólinn hefur það markmið að vinna að farsælu skólastarfi, tryggja velferð og öryggi nemenda. Vinna í samvinnu við heimili og stuðla að þroska allra nemenda en á Íslandi er sú sérstaða að hér er skólaskylda upp að 16 ára aldri (lög um grunnskóla nr. 91/2008). Að byrja í grunnskóla og að stunda þar nám á að vera skemmtilegur tími, það getur þó verið erfitt fyrir fötluð börn að aðlaga sig nýju umhverfi og það getur sérstaklega verið erfitt þegar umhverfið er ekki lagað að þeirra þörfum. Skólar þurfa að vera með námsefni sem hentar hverjum og einum nemenda, aðgengi fyrir alla og félagslíf sem öll börn hafa kost á að taka þátt í og þannig námsumhverfi sem aðlagar sig að þörfum nemenda (Snæfríður Þóra Egilson, 2016). Það eru réttindi hvers barns að ganga í skóla og í lögum (19/2013) um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins kemur skýrt fram í 23. gr. að fötluðum börnum skuli tryggður réttur að menntun, svo stuðla megi að þroska og sómasamlegu lífi til jafns við aðra.

2.2 Leið fatlaðra barna inn í grunnskóla

Almenn skólaskylda var lögleidd á Íslandi árið 1907 og gildi hún um börn á aldrinum 10-14 ára (Menntamálaráðuneytið, 2002). Lögin náðu þó ekki til fatlaðra barna eða eins og segir í lögunum eiga þau ekki við börn sem eru „óhæf til hins lögboðna náms sakir gáfnaskorts eða vanheilsu“. Lengi vel var ekki gert ráð fyrir fötluðum nemendum í almennum grunnskólum enda var talið að þeir myndu fá viðeigandi kennslu innan stofnanna. Með lögum um grunnskóla nr. 63/1974 var undanþáguákvæðið afnumið og var því öllum börnum og unglingum á aldrinum 7-16 ára skylt að sækja grunnskóla. Það þýddi þó ekki að öll börn myndu læra í sama skólanum því enn var gert ráð fyrir því að þau börn sem viku frá eðlilegu þroskaferli eins og það er orðað í lögunum myndu fá kennslu við sitt hæfi innan stofnana eða sérskóla.

Árið 1994 var í fyrsta skiptið farið að huga að því að fötluð börn ættu að stunda nám í almennum grunnskólum með tilkomu Salamanca yfirlýsingarinnar. Með yfirlýsingunni var grunnurinn að skóla án aðgreiningar lagður. Í yfirlýsingunni kemur fram að öllum nemendum eigi að vera gefinn kostur á að viðhalda viðunandi stigi menntunar og að tillit sé tekið til mismunandi þarfa þar sem hæfileikar og þarfir nemenda til náms séu mismunandi. Það var þó ekki fyrr en árið 2008 sem nám án aðgreiningar var lögbindið á Íslandi sem þýddi að mæta ætti öllum nemendum á þeirra forsendum innan skólakerfisins (lög um grunnskóla nr. 91/2008).

2.2.1 Skóli fyrir alla

Hugmyndin um skóla fyrir alla var lögfest hér á landi árið 1974 með grunnskólalögunum (nr. 63/1974). Það er þó ekki sama stefna og í dag. Á þeim tíma var enn gert ráð fyrir að nemendur með fjölpættar stuðningsþarfir hlytu sérkennslu í aðgreindum skólum eða deildum, og að auki ekki gert ráð fyrir því að þau börn sem bjuggu á stofnunum myndu sækja nám í almennum grunnskólum. Salamanca yfirlýsingin frá árinu 1994 tekur sérstaklega fyrir hvernig kennslu barna með sérþarfir skuli vera háttað. Það er margt í þeirri yfirlýsingu sem á enn við í dag þó tæp 30 ár séu liðin. Er yfirlýsingin rammaáætlun um aðgerðir vegna nemenda með sérþarfir og er hún ætluð til hliðsjónar og leiðbeiningar fyrir alla sem koma að menntun barna. Taka skuli tillit til þeirra nemenda sem eru með sérþarfir og að þeir hafi aðgang að almennum skólum þar sem mið er tekið af þeirra þörfum í kennslu með þeim stuðningi sem þörf er á (Menntamálaráðuneytið, 1995).

Með tilkomu reglugerðar árið 1990 um sérkennslu nr. 98/1990 kom sú hugmynd að allir ættu rétt á að fara í sinn heimaskóla. Með reglugerðinni var markmiðið að nemendur myndu fá jöfn tækifæri til náms og þátttöku á eigin forsendum, án aðgreiningar og þörfum þeirra mætt. Það varð þó ekki fyrr en árið 2008 sem nám án aðgreiningar varð að lögbundinni skólastefnu á Íslandi, en það þýðir að menntakerfið hér á landi eigi að vera án

allrar aðgreiningar og eigi að þjóna hverjum og einum nemanda á hans eigin forsendum (lög um grunnskóla nr. 91/2008). Með lögbindingunni eru íslensk stjórnvöld að lýsa því yfir að allir nemendur, sama hvort þeir séu fatlaðir eða ófatlaðir eigi að vinna í sama kennslurými og því sé ekki þörf fyrir sérúrræði eða sérskóla. Nemendur með fötlun eiga því jafnan rétt og aðrir nemendur á sömu menntun í sínum hverfisskóla og eiga rétt á þeim stuðningi og þeirri leiðsögn sem þeir þurfa á að halda til þess (Berglind Rós Magnúsdóttir, 2016).

Kemur fram í 17. gr. laga um grunnskóla að nemendur með sérþarfir eiga þann rétt að komið sé til móts við námsþarfir þeirra án aðgreiningar í almennum skóla (lög um grunnskóla 91/2008). Sé þörfum nemenda ekki mætt innan skóla eykur það líkur á brottfalli úr námi, samfélagslegri einangrun og skertum atvinnumöguleikum (Sigrún Harðardóttir o.fl., 2022). Með tilkomu laganna hefur orðið sú þróun að flest allir nemendur sækja grunnskóla í sínu hverfi, en þrátt fyrir að skóli án aðgreiningar sé opinber skól Stefna á Íslandi starfa ennþá sérskólar og önnur sérúrræði fyrir nemendur með fjölþættar stuðningsþarfir (Kristín Björnsdóttir o.fl., 2022).

2.2.2 Skóli án aðgreiningar

Hugmyndafræðin skóli án aðgreiningar er orðasamband sem hefur verið notað sem þýðing á enska hugtakinu „inclusive education“ og merkir það skipulagt skól starf þar sem nemendur eru ekki aðgreindir í sérstaka skóla, deildir eða bekkir eftir t.d. fötlun, uppruna eða námsgetu heldur er uppbygging skólanna þannig að allir geti stundað þar nám miðað við getu þar sem stuðlað er að fullri og virkri þátttöku allra nemenda í skólasamfélaginu (Berglind Rós Magnúsdóttir, 2016). Í umfjöllun um skóla án aðgreiningar er talað um jöfnuð og þátttöku nemenda (Steingerður Ólafsdóttir o.fl., 2014). Í Reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla (2010) er skóli án aðgreiningar skilgreindur svo: „Með skóla án aðgreiningar er átt við grunnskóla í heimabyggð eða nærumhverfi nemenda þar sem komið er til móts við náms- og félagslegar þarfir nemenda í almennu skól starfi með manngildi, lýðræði og félagslegt réttlæti að leiðarljósi“. Skóli án aðgreiningar er talinn henta nemendum með fjölþættar stuðningsþarfir sem samkvæmt 6. gr. í Salamanca yfirlýsingunni eiga að hafa aðgang að menntun til jafns við aðra nemendur. Það hefur sýnt sig að nemendur með fjölþættar stuðningsþarfir nái mestum framförum og árangri í námi þegar þeir eru innan um aðra nemendur. Þannig stuðlar skóli án aðgreiningar að því að ná fram jöfnuði og fullri þátttöku (Menntamálaráðuneytið, 1995).

Nauðsynlegt er að menntun nemenda með sérþarfir hvíli ekki eingöngu á herðum kennara heldur öllu teymi fagfólks sem kemur að máli barnsins. Má því segja að árangur skóla byggist á stoðþjónustunni sem í boði er og þar kemur að hlutverki grunnskólans og þeirra laga sem hann starfar eftir, en það er ávallt með hagsmuni nemenda í fyrirrími

(Menntamálaráðuneytið, 1995). Jafnframt kemur fram í aðalnámskrá grunnskóla (2011) að í skóla án aðgreiningar sé borin virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum, hæfileikum og einkennum nemenda og að jafnframt skuli vera lögð áhersla á að útrýma allri mismunun og aðgreiningu í skólum. Samkvæmt Ferguson væri margbreytileikinn viðurkenndur með því að sameina almenna kennslu og sérkennslu í eitt menntakerfi þar sem allir nemendur væru fullgildir þátttakendur (Steingerður Ólafsdóttir o.fl., 2014). Það er ef stuðlað er að því í öllum skólum að farið sé eftir skóla án aðgreiningar og öll börn læri saman þá verði það hið eina sem bæði nemendur og skólasamfélagið þekki og verði þá hið nýja norm. Skóli án aðgreiningar er þó alls ekki orðið fullþróað ferli og þar er alltaf pláss fyrir bætingar líkt og rannsóknir sýna fram á.

Þegar skoðuð er samantekt á lögum og fræðilegu efni sem gerð var fyrir Mennta- og menningarmálaráðuneytið árið 2014 kemur fram að misræmi er á milli laganna og fyrirmæla sem varða skóla án aðgreiningar. Nauðsyn sé að koma á breytingum með þróunarstörfum í skólum þar sem símenntun kennara kemur inn og aukin áhersla á skýrari ramma kringum hugmyndafræðina til að hægt sé að útfæra hana betur. Því hugmyndafræðin sem slík er mannúðleg en getur reynst erfið í framkvæmd. En mikilvægt er að hafa í huga að menntastefnur eru í sífelldri þróun og ganga aldrei fyllilega upp. Þarf því að horfa á lausnir með því að breyta skólasamfélaginu og því skipulagi sem þar er til að fylgja þessari þróun og geta mætt þörfum allra nemenda (Steingerður Ólafsdóttir o.fl., 2014). Breytingar á skólastarfi fela í sér þróun á stoðþjónustu og úrræðum en nánari umfjöllun er að finna hér á eftir.

2.3 Stoðþjónusta og stuðningur

Ákveðin stoðþjónusta er innan allra skóla en hún er mismunandi eftir skólum. Stoðþjónustan felur í sér ýmist sérdeildir, námsver og/eða stuðning innan eða utan bekkjar. Upplýsingar um stoðþjónustu fengust á heimasíðum skóla á höfuðborgarsvæðinu, ekki var sérstaklega leitað eftir upplýsingum frá þeim skólum sem veittu viðtal fyrir rannsóknina heldur einungis valið handahófskennt. Á öllum stöðum var námsver og áhersla lögð á styrkleika nemanda og líðan þeirra. Þar gefst þeim tækifæri til að vinna í smærri hópum. Einnig var á öllum stöðum tekið fram að námsefni væri aðlagað að þörfum nemanda og einstaklingsnámskrá væri fyrir þá nemendur sem á þyrftu að halda með bekkjarnámskrá til hliðsjónar (Foldaskóli, e.d.; Salaskóli, e.d.; Setbergsskóli, 2020).

Á heimasíðu Setbergsskóla kemur fram að þar sé nemendum mætt eftir þörfum þeirra á mismunandi svæðum innan skólans m.a. í námsveri, sérdeild, sérkennslustofu eða í almennri stofu. Allt eftir því hvað hentar hverjum og einum og sjá sérkennarar um að halda utan um málefni þeirra nemenda í samstarfi við kennara (Setbergsskóli, 2020). Á heimasíðu Salaskóla í Kópavogi segir að skólinn leggi áherslu á fjölbreyttar leiðir og vellíðan nemenda.

Þar er starfandi sálfræðingur, námsráðgjafi, félagsráðgjafi, sérkennarar og þroskaþjálfar. Innan skólans er einhverfudeild fyrir börn sem eiga lögheimili í Kópavogi og fer sérkennsla fram að mestu innan bekkjar eins og kostur er. Innan skólans er einnig námsver þar sem nemendur geta unnið í minni hópum. Sérkennarar, þroskaþjálfar og kennarar vinna saman að því sem kemur nemandanum best (Salaskóli, e.d.).

Þau úrræði sem eru innan skóla eru þó ekki alltaf nægileg og þarf því í sumum tilfellum að leita úrræða utan skóla. Þau úrræði eru ýmist á vegum sveitarfélaga eða einkarekin. Þegar leitað er í slík úrræði er það í flestum tilfellum með tímabundna lausn í huga og markmiðið að nemandinn komist aftur í sinn heimaskóla (Brúarskóli, e.d.). Verður hér fjallað um tvö úrræði á vegum sveitarfélaga. Brúarskóli sem var stofnaður 2003 og er fyrir börn sem glíma við alvarlega erfiðleika á sviði hegðunar, félagslega eða geði og Klettaskóli sem er sérskóli fyrir fötluð börn.

Ef nemandi á erfitt með nám vegna sértækra námsörðugleika er réttur hans að fá sértækan stuðning í samræmi við þarfir hans og að þörfum hans sé mætt án aðgreiningar. Nemandi á þann rétt að fá aðstoð miðað við aldur, þroska og í samræmi við sérþarfir. Einnig á nemandi þann rétt að nýta sér þá samskiptamáta sem honum henta, þar má nefna óhefðbundin tjáskipti, táknmál, blindraletur og hafa aðgang að þeim tækjabúnaði sem styður best við menntun, þroska og sjálfstyrkingu (Reglugerð um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskóla nr. 585/2010). Stuðningur þarf að vera einstaklingsmiðaður, sveigjanlegur og út frá þörfum hvers nemanda. Sveitarfélög geta beitt sér fyrir sérúrræðum innan skólans eða stofnað sérskóla þegar nám hentar ekki eða hæfir ekki þörfum nemanda. Með þeim úrræðum er ætlunin að veita nemendum umhverfi sem er sérhæft í að mæta stuðningsþörfum þess (Lög um grunnskóla nr. 91/2008). Sé ekki hægt að mæta þörfum nemanda geta foreldrar sótt um sérúrræði innan skóla eða skólavist í sérskóla (Lög um grunnskóla nr. 91/2008).

2.3.1 Úrræði á vegum sveitarfélaga

Eins og áður hefur komið fram er rekstur grunnskólanna á vegum sveitarfélaganna sem hafa einnig á sínum vegum úrræði sem hægt er að leita í ef þörf er á. Brúarskóli er tímabundið úrræði fyrir nemendur og er skólinn með fimm starfsstöðvar innan Reykjavíkur. Þar er unnið með það að markmiði að stuðla að jákvæðni, hrósa fyrir það sem vel er gert og styðja nemendur í að uppgötva styrkleika sína. Miðast starfið við þarfir nemenda og er markmiðið að hjálpa nemendum að geta stundað nám í almennum grunnskóla með áherslu á kennslu sem vekur áhuga nemenda og út frá áhugasviði. Kennslan er einstaklingsmiðuð og er í litlum hópum (Brúarskóli, e.d.).

Klettaskóli er annað úrræði á vegum sveitarfélaga og er sérskóli á grunnskólastigi fyrir fötluð börn. Hann þjónustar allt landið og tekur á móti nemendum með flóknar

stuðningsþarfir. Skólinn hefur starfað frá árinu 2011 og leysti þá sérskólana Safamýrarskóla og Öskjuhlíðarskóla af hólmi. Innan skólans er starfsrækt sérhæft úrræði með aðsetur í almennum grunnskóla, svokallaður þátttökubekkur. Einnig sinnir skólinn ráðgjafarhlutverki til annarra grunnskóla vegna nemenda með samskonar þarfir og þeirra sem ganga í Klettaskóla (Klettaskóli, e.d.).

2.3.2 Einkarekin úrræði

Úrræðin sem sveitarfélögin hafa á sínum vegum duga ekki alltaf til að mæta þörfinni og eru því einnig einkarekin námsúrræði í boði en þau eru Klettabær, Vinakot og nýlegt úrræði sem kallast Heilindi. Einn einkarekin sérskóli er í boði, Arnarskóli. Í Klettabæ er námsúrræði fyrir börn með fjölþættan vanda. Starfað er eftir hugmyndafræðinni um tengslamyndandi nálgun sem miðast að því að mæta þörfum hvers einstaklings í umhverfi sem styður við þroska hans. Námsfnið sem nemendur fá er gefið út af Menntamálastofnun, það er einstaklingsmiðað og litið til áhugasviðs viðkomandi. Í skólastarfi Klettabæjar er unnið með atferlismótun, og er kennslan miðuð að styrkingu sjálfsmyndar og stuðst er við ART (Aggression Replacement Training). Þar er markvisst unnið að því að efla siðferði, félagsfærni og sjálfstjórn nemenda, ásamt vinnu við að efla hugrekki, seiglu, forvitni og aðra þætti nemenda (Klettabær ehf, e.d.).

Vinakot er einnig einkarekið úrræði og innan þeirrar starfsemi er Skólakot, námsúrræði fyrir nemendur í 3.-10. bekk grunnskóla sem eiga erfitt með að finna sig innan skólakerfisins af einhverjum ástæðum. Skólakot vinnur líkt og Klettabær eftir hugmyndafræðinni um tengslamyndandi nálgun og lögð er áhersla á þekkingu kennara og stuðningsfulltrúa til að setja hegðun í samhengi, að þeir sýni nemendum hlýju, skilning og umhyggju í samskiptum (Vinakot, e.d.). Heilindi er nýlegt úrræði sem hefur einnig námsúrræði á sínum vegum (Heilindi, e.d.). Leitað var eftir upplýsingum á heimasíðu en þær voru takmarkaðar.

Arnarskóli er sérskóli sem er staðsettur í Kópavogi og hóf starfsemi sína árið 2017, þá sem skólaþjónusta en fékk starfsleyfi sem sjálfstætt starfandi skóli árið 2018. Hann er sjálfseignarstofnun og býður upp á heildstæða þjónustu við fötluð börn með fjölþættar stuðningsþarfir. Skólinn er opinn alla virka daga, allt árið. Í Arnarskóla er mikil sérfræðiþekking sem ekki er í boði annars staðar og mikið unnið þar með atferlismótun (Arnarskóli, e.d.).

2.4 Aðgreining

Nemendur með sérþarfir hafa verið dæmdir út frá fötlun sinni í mörg ár og sést slíkt vel þegar nemandi er tekinn út fyrir sinn bekk og honum er kennt í sér stofu, sér deild eða á öðrum stað. Þannig er verið að skilgreina hann út frá stuðningsþörfum hans og verið að

dæma nemandann út frá fötlun hans og litið á nemandann sjálfan sem vandamál sem þurfi að laga. Þetta er dæmi um læknisfræðilega sjónarhornið og líklega sú sýn sem flestir hafa á stoðþjónustu grunnskóla þar sem læknisfræðilega sjónarhornið hefur verið ríkjandi í stoðþjónustu í langan tíma. Það á að heyra til undantekninga að barn sé tekið úr sínum almenna bekk til að fara í sérdeild, eða sérskóla (Ruth Jörgensdóttir Rauterberg og Anna Björk Sverrisdóttir, 2020). Er einungis mælt með slíku ef nám innan almenns bekkjar er ekki að mæta þörfum nemanda t.d. félagslega eða menntunarlega, eða ef velferð nemenda er í húfi (Menntamálaráðuneytið, 1995).

Að aðgreina nemendur með fjölþættar stuðningsþarfir getur haft í för með sér að nemendur eiga erfiðara með félagslega tengslamyndun. Skóli án aðgreiningar er hins vegar dæmi um félagslega sjónarhornið á fötlun þar sem að hann lítur á skólann sjálfan sem vandamálið en ekki fötlun nemenda. Skóli án aðgreiningar lítur á fötlun sem félagslegt fyrirbæri sem er mótað í samfélaginu og á skerðingu sem afbrigði sem til verði í hegðun manna, útliti, virkni og skynjun. Skóli án aðgreiningar mætir hverjum og einum nemanda með viðeigandi aðlögun svo að hann geti stutt við fulla þátttöku allra nemenda (Ruth Jörgensdóttir Rauterberg og Anna Björk Sverrisdóttir, 2020). Í framhaldi af umfjöllun um aðgreiningu nemenda er áhugavert að skoða hvernig staðan er á Íslandi í dag.

2.5 Staðan á Íslandi í dag

Á Íslandi er stefna um skóla án aðgreiningar sem felur í sér að allir nemendur hafi jafnan rétt til náms. Skólarnir hafa ákveðin úrræði innan skóla en ef sú staða kemur upp að þau úrræði eru fullreynd eru fyrrgreind úrræði utan skóla sem hægt er að leita í. Í febrúar árið 2015 var sviðstjóra skóla- og frístundasviðs borgarinnar falið að setja saman teymi með það hlutverk að auka stuðning við börn með fjölþættan vanda í samvinnu við foreldra þeirra, skóla og frístundamiðstöð. Fólst stuðningurinn í að finna lausnir og koma með tillögur að úrbótum og nýjum úrræðum. Vann teymið í samvinnu við Brúarskóla og á ábyrgð ráðgjafarsviðs þeirra. Meðal þeirra tillagna sem þau skiluðu frá sér var að nauðsyn væri að koma á reglulegum samstarfsvettvangi samráðsaðila þeirra sem koma að þjónustu við börn með fjölþættan vanda (Reykjavíkurborg, 2015).

Hér á landi hefur tekist nokkuð vel til með innleiðingu á hugmyndafræðinni um skóla án aðgreiningar og segir í skýrslu frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu frá 2014 að hlutfall nemenda í sérskólum sé með því lægsta í Evrópu en nauðsynlegt sé að styðja betur við teymisvinnu kennara til að gera enn betur (Steingerður Ólafsdóttir o.fl., 2014).

Mikilvægt í umfjöllun um stöðuna í dag er að skoða ný lög sem eru enn í innleiðingarferli, en þau snúa að farsæld barna sem skipar stórt hlutverk í allri þjónustu sem viðkemur börnum. Lögin eru í daglegu tali kölluð farsældarlögin og þar er þjónustu við börn skipt í stig og farið ítarlega í hvað felst í hverju stigi. Hverju stigi fylgja ákveðin úrræði sem

miðast ávallt að farsæld barns og tengjast stuðningi út frá þörfum. Með tilkomu farsældarlaganna (86/2021) má gera sér vonir um að grundvöllur stuðnings í skólakerfinu verði auðveldari þar sem markmið laganna er að samþætta þjónustu með farsæld barna í fyrirrúmi. Með samþættingu þjónustu er áhersla lögð á gott þverfaglegt samstarf fagaðila sem koma að málefnum barna. Öll börn fá sinn tengilið sem hefur hagsmuni barns í forgangi og aðstoðar við mat á þörfum. Eiga þessi lög án efa eftir að koma sér vel í skólakerfinu þegar innleiðing þeirra er að fullu búin, því eins og segir í 17. gr. laganna mun tengiliður skipta sköpum bæði fyrir foreldra og barn, þar sem hans hlutverk er að veita þjónustu eftir beiðni frá foreldrum (lög nr. 86/2021).

Hér á landi er verulega mikil vinna í gangi þessa dagana í þágu farsældar barna, var meðal annars undirritaður samningur um samstarf við Sameinuðu þjóðirnar um ofbeldi gegn börnum. Byggist samningurinn á farsældarlögunum og kveður hann á um verklag og úrræði til verndar börnum með samþættu verklagi (Mennta- og barnamálaráðuneytið, 2023,a), mun sá samningur nýtast öllum börnum og þ.á.m. í skólakerfinu.

Hefur verið komið á fót Landsteymi um farsæld barna, og er því teymi ætlað að vera sem stuðningur við börn, foreldra þeirra og starfsfólk í skólum þegar upp koma alvarlega mál tengd úrræðaleysi og fleiru hjá börnum með fjölþættan vanda. Veitir teymið stuðning á öllum skólastigum og er því ætlað að brúa bilið á innleiðingartímabili laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, þar til frumvarp um heildstæða skólaþjónustu er undirbúið og nýrri þjónustustofnun í menntamálum er komið af stað. Sinnir teymið því mikilvægu starfi meðan viðamiklar breytingar á menntakerfinu eru í innleiðingu. Til viðbótar mun Landsteymið hafa yfirsýn og kortleggja núverandi úrræði, byggja upp þekkingu og greina þörf fyrir ólík úrræði (Mennta- og barnamálaráðuneytið, 2023,b). Mikilvægt er að skoða fyrri rannsóknir til að fá betri yfirsýn og skilning.

3 Fyrri rannsóknir

Hér verður fjallað um fyrri rannsóknir sem tengjast skólastarfi grunnskóla. Fjölmargar rannsóknir hafa verið gerðar á sérkennslu innan grunnskóla og skóla án aðgreiningar bæði hérlendis sem og erlendis. Farið verður yfir rannsóknir sem fjalla um mikilvægi kennara og getu þeirra til að sinna nemendum með fjölþættar stuðningsþarfir. Rannsókn þar sem skóli án aðgreiningar í Evrópu er skoðaður. Ásamt því verður farið yfir mikilvægi skólagöngu barna og erfiðleika við nám.

3.1 Kennarar og stuðningur

Þar sem stór hluti grunnskólanemenda þarfnast stuðningskennslu af einhverju tagi er mikilvægt að gera rannsóknir á stuðningskennslunni svo hægt sé að sjá hvað er að skila árangri og hverju þarf að breyta eða bæta. Samkvæmt upplýsingum á vef Hagstofunnar fengu rúmlega 31% allra grunnskólanemenda á Íslandi stuðningskennslu á skólaárinu 2020-2021 og eflaust enn fleiri sem þyrftu á henni að halda (Hagstofa Íslands, e.d.). Rannsóknir hafa sýnt fram á að jákvætt viðhorf kennara til nemenda með fjölþættar stuðningsþarfir sé lykilþáttur þegar kemur að innleiðingu skóla án aðgreiningar (Nketsia, 2017). Jafnframt hafa þó aðrar rannsóknir sýnt fram á að margir kennarar upplifi vanmátt og finnist þeir ekki í stakk búinir til þess að starfa eftir hugmyndinni um skóla án aðgreiningar og kenna nemendum með fjölþættar stuðningsþarfir og líta þeir svo á að það sé frekar hlutverk annarra fagaðila (Guðbjörg Ólafsdóttir og Berglind Rós Magnúsdóttir, 2017).

Í skýrslu sem gerð var á vegum Evrópumíðstöðvar um nám án aðgreiningar og sérþarfa kemur fram að til þess að grunnskólar eigi að geta hentað öllum nemendum þurfa kennarar að fá fjölbreyttari kennslu á mismunandi þörfum nemenda í sínu eigin námi. Þeir þurfa að vera meðvitaðir um ólíkar þarfir nemanda sinna og einstaklingsmiðun náms. Kennarar eiga ekki bara að hafa þekkingu til að kenna meðaltalinu, þeir þurfa líka færni til þess að geta kennt nemendum sem þurfa aukinn stuðning til jafns við þá nemendur sem eru yfir meðallagi (Evrópumíðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, 2014). Samkvæmt skýrslu Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar (2019) virðist ekki vera nægt fagfólk innan grunnskólana og kalla því skólastjórnendur ítrekað eftir því að fá sérfræðinga til þess að fást við vandamál nemenda. Því var lögð fram sú tillaga að fagfólki yrði fjölgað til að starfa við hlið kennara í grunnskólum Reykjavíkurborgar svo sem hegðunarráðgjöfum, sálfræðingum og þroskaþjálfum.

3.2 Skóli án aðgreiningar í Evrópu

Niðurstöður langtímarannsóknar Evrópumíðstöðvar um nám án aðgreiningar og sérþarfa þar sem skoðaður var samanburður á menntun án aðgreiningar í öllu 31 aðildarlandi hennar,

leiða í ljós að í flestum Evrópulöndunum sé meiri hluti allra nemenda í sínum almenna hverfisskóla. Það er þó ekkert land þar sem allir nemendur eru í sínum almenna hverfisskóla heldur eru í öllum tilfellum einhverjir nemendur í sérskólum. Út frá upplýsingum frá skólaárunum 2014 og 2016 má ætla að um 37,4% allra nemenda með fjölþættar stuðningsþarfir í Evrópulöndunum séu í sérskóla og að um 12,54% séu í sérkennslu í sínum hverfisskóla. Það er þó erfitt að ætla að horfa á meðaltalið í þessu samhengi þar sem munurinn á milli landanna er svo mikill. Hlutfall þeirra sem eru í sérskólum er til að mynda allt frá 0,79% og alveg upp í 100%. Sem þýðir að í einhverjum löndum eru allir þeir nemendur sem ekki passa inn í hið hefðbundna skólakerfi í sérskóla, á meðan að í öðrum löndum eru það aðeins um 0,79%. Löndin eru því á mismunandi stöðum hvað varðar málefnið en þó á sama máli með að þau telja flest að það sé mun auðveldara og þægilegra að hafa nemendur með fjölþættar stuðningsþarfir í sérskólum, þó að það sé eflaust ekki það besta fyrir nemandann sjálfan (Ramberg og Watkins, 2020).

3.3 Aðlögun náms

Í nýlegri grein eftir Sigrúnu Harðardóttir, Ingibjörgu Karlsdóttir og Alex Björn Stefánsson (2022) er farið yfir rannsókn sem gerð var á skólaárinu 2018-2019 þar sem þættir sem hafa áhrif á möguleika grunnskólakennara til að styðja við börn með námserfiðleika og fjölþættan vanda eru rannsakaðir. Tekið er fram að með námserfiðleikum sé átt við börn með greindar raskanir á borð við ADHD, einhverfu, almenna og sértæka námserfiðleika ásamt öðru. Alls tóku 478 grunnskólakennarar frá öllum landshlutum þátt í rannsókninni. Út frá niðurstöðum hennar töldu um 49% kennara að þeir gætu mjög vel eða vel náð að aðlaga námið eftir þörfum nemenda og um 20% töldu sig frekar eða mjög illa getað aðlagað námið eftir þörfum nemenda. Þeir kennarar sem töldu sig vel geta aðlagað námið eftir þörfum sinna nemenda töldu það vera vegna þess að þeir voru með langa starfsreynslu, góða þekkingu á þörfum nemenda sinna og voru einnig í góðu samstarfi við samstarfsfólk sitt. Þeir kennarar sem töldu sig illa ná að aðlaga námið eftir þörfum nemenda sinna töldu lítinn tíma í undirbúning, of marga nemendur með hegðunarvanda og of stóra bekki vera helstu áhrifaþætti (Sigrún Harðardóttir o.fl., 2022).

Það voru nokkuð sláandi niðurstöður sem komu út frá spurningu um hvort að kennarar teldu sig fá næga fræðslu í kennaranáminu til þess að kenna og sinna nemendum með sérþarfir, en aðeins um 12% þátttakenda töldu sig hafa fengið næga fræðslu. Það sem kom einnig á óvart er að aðeins um helmingur þeirra sem hafa sérhæft sig sem sérkennara töldu sig hafa fengið næga fræðslu til þess að kenna og sinna nemendum með sérþarfir í sínu námi. Nær allir eða um 91% kennara vildu þó meina að færni þeirra til að sinna nemendum með sérþarfir hafi aukist frá því að þau byrjuðu að starfa sem kennarar, þá með því að kynna sér nýjar kennsluáferðir fyrir nemendur með sérþarfir og/eða sótt endurmenntun. Þegar

kennararnir voru spurðir út í það hvað þyrfti að bæta svo að þeim myndi ganga betur að sinna nemendum með sérþarfir nefndu þeir tímaskort til að sinna þessum nemendahópi, vöntun á fleiri fagstéttum innan skólans og fleiri sérhæfða fagaðila inn í stoðþjónustuna og aukna þjálfun í kennsluaðferðum fyrir nemendur með námsörðugleika. Niðurstöður rannsóknarinnar eru því í samræmi við aðrar rannsóknir sem farið var yfir hér fyrir ofan (Sigrún Harðardóttir o.fl., 2022).

3.4 Mikilvægi skólagöngu

Þegar skólaganga barna er skoðuð og farið er að kafa ofan í réttindi þeirra og hvernig skólakerfið virkar er nauðsyn að fara aðeins í mikilvægi skólagöngu fyrir nemendur. Skólagangan er grunnurinn út í lífið og skiptir alla miklu máli. Í rannsókn eftir Sigrúnu Harðardóttur og Guðrúnu Kristinsdóttur (2016) er fjallað um stöðu þeirra nemenda sem stríða við námsvanda, og kemur þar fram að mikilvægt atriði sé sjónarhorn nemendanna sjálfra þegar horft er til námsárangurs. Þátttakendur rannsóknarinnar voru tíu nemendur með námslega erfiðleika. Í niðurstöðum rannsóknarinnar kemur fram að það sem reyndist nemendum best var að hafa tileinkað sér seiglu og að hafa góðan stuðning í sínu nánasta umhverfi. Styður það við mikilvægi þess að huga að félagslegum þáttum, og enn frekar þegar nemandi þarf stuðning í námi. Það er þörf á að aðstæður séu metnar og að leiða sé leitað til að finna lausnir vanda, fjarlægja þær hindranir og skoða alla þætti sem hafa áhrif á stöðu nemenda. Þeim þarf að standa til boða fjölbreytt úrræði sem ýta undir seiglu og kemur einnig fram að óskir nemenda séu að fullorðnir hlusti meira á þau, gefi aðstæðum barna gaum og stoppi við.

3.5 Erfiðleikar við nám

Það geta verið margvíslegar ástæður fyrir erfiðleikum barna við nám og geta þær stafað af til dæmis geð- eða þroskaröskunum, erfiðleikum sem tengist einbeitingu, eða jafnvel af félagslegum ástæðum, erfiðum heimilisaðstæðum eða öðru. Hafa rannsóknir sýnt að það eru tengsl milli námsárangurs og líðanar, betri líðan samsvarar betri árangri í námi. Er því margir þættir sem koma að mikilvægi þess að skólaganga barns sé sem farsælust. Er stuðningur bæði foreldra og kennara einn sá hlekkur sem er hve sterkastur í þeirri keðju sem námsárangur barns er. Hafi barn ekki stuðning í námi dregur það úr áhuga og metnaði. Að auki er viðurkenning á vanda lykilatriði ásamt því að leiðir séu fundnar til að mæta þörfum nemenda með námsvanda (Sigrún Harðardóttir og Guðrún Kristinsdóttir, 2016).

Umfjöllun um að mæta þörfum nemenda snýr ekki aðeins að aðstæðum þeirra heldur einnig að námsmati og framkvæmd þess. Í rannsókn Auðar Lilju Harðardóttur og Jóhönnu Karlsdóttur (2019) er farið yfir námsmat á yngsta stigi grunnskólans, í skóla án aðgreiningar. Þær tóku viðtöl við kennara með það markmið að kanna hvernig námsmati er beitt í

viðkomandi skólum án aðgreiningar. Eins og fram kemur í lögum um grunnskóla (nr. 91/2008) er námsmat notað til að fylgjast með námsframvindu nemenda og hvernig þeim gengur að ná hæfniviðmiðum aðalnámskrár, sínum eigin markmiðum og gera það auðveldara að meta hverjir þurfa á aukinni aðstoð að halda. Í námsmati kemur fram að það þurfi að taka tillit til sérþarfa nemenda en ekki skilgreint hvernig því skuli vera háttað. Vekur það upp vangaveltur og getur leitt til togstreitu. Benda niðurstöður þeirra til þess að viðhorf kennara sé jákvætt en þörf sé á auknu fjármagni, að reynt sé að koma til móts við þarfir allra nemenda og að til þess séu nýttar fjölbreyttar og einstaklingsmiðaðar kennsluaðferðir (Auður Lilja Harðardóttir og Jóhanna Karlsdóttir, 2019).

4 Rannsóknin

Hér verður farið yfir framkvæmd rannsóknarinnar og gerð grein fyrir tilgangi hennar. Farið verður yfir hvernig komist var í samband við þátttakendur hennar og hverjir þátttakendurnir eru. Þá verður farið yfir hvernig unnið var að úrvinnslu gagna og gerð grein fyrir hugsanlegum siðferðilegum álitamálum.

4.1 Tilgangur rannsóknar

Það er skólaskylda fyrir öll börn frá 6-16 ára aldurs. Þeir nemendur sem eiga erfitt með nám sama hvort það er vegna andlegrar eða líkamlegra örðugleika eiga rétt á sérstökum stuðningi í námi. Skóli án aðgreiningar er lögbundin skólustefna á Íslandi sem þýðir að allir nemendur eiga rétt á að vera í sínum hverfisskóla og að skólarnir eigi að þjóna hverjum og einum nemanda á hans eigin forsendum (lög um grunnskóla nr. 91/2008). Hvort það er þannig í raun vakti forvitni höfunda því mikilvægt er að öll börn hafi möguleikann á að geta sótt nám óháð fötlun eða öðrum námsörðugleikum.

Þótti höfundum þessarar rannsóknar mikilvægt að skoða hvort skólakerfið væri í raun að starfa eins og það er sett upp samkvæmt lögum og reglugerðum með það markmið að komast að því hvaða hindranir séu í stuðningi og stoðþjónustu við nemendur með fjölþættar stuðningsþarfir. Rannsóknin er byggð á eigindlegri rannsóknaraðferð þar sem lagt var upp með rannsóknarspurninguna: Hvaða hindranir eru í stuðningi og stoðþjónustu við grunnskólanemendur með fjölþættar stuðningsþarfir? Hætta er á því að ekki sé verið að mæta ólíkum þörfum nemenda eins og á að vera gert, heldur séu nemendur sigtaðir út frá læknisfræðilega sjónarhorninu á fötlun. Þar sem málefni barna eru oft viðkvæm var ákveðið að fá fagfólk innan grunnskólanna til að veita innsýn í málefnið og gefa þeim tækifæri að láta raddir sínar heyrast og heyra þeirra sjónarmið. Í rannsókninni var leitað eftir þeim úrræðum sem grunnskólarnir hafa til að vinna með í þjónustu við nemendur með fjölþættar stuðningsþarfir og skoðað hvort unnið sé í samræmi við þau lög og þær reglugerðir sem snúa að grunnskólum

4.2 Aðferðir og gögn

Rannsóknir eru iðulega byggðar á annað hvort eigindlegri eða meginlegri rannsóknaraðferð. Meginleg rannsóknaraðferð er kerfisbundin reynsluprófun á magnbundnum eiginleikum og fyrirbærum. Hún er notuð til að safna tölulegum gögnum, t.d. með spurningalista sem lagður er fyrir úrtak þess hóps sem ætlunin er að alhæfa um. Aðferðin hentar vel til að fá yfirlit yfir tiltekið svið, um viðhorf eða hegðunarmynstur. Eigindleg rannsóknaraðferð er hins vegar notuð ef markmiðið er að grafast fyrir um hvaða merkingu eða skilning fólk leggur í ákveðna hluti. Slíkar rannsóknir byggjast á viðtölum við einstaklinga og/eða hópa um ákveðið málefni.

Bæði einstaklingsviðtöl og rýnihópar falla undir eigindlegar rannsóknaraðferðir. Aldrei er hægt að alhæfa út frá niðurstöðum sem fengnar eru með þessum hætti yfir á stærri hóp heldur veita eigindlegar rannsóknir dýpri innsýn í viðfangsefnið (Seale, 2018).

Í þessari rannsókn verður stuðst við eigindlega rannsóknaraðferð til þess að komast að því hvort grunnskólar á höfuðborgarsvæðinu nái að sinna nemendum með fjölþættar stuðningsþarfir í takt við íslensk lög og einnig komast að mögulegum hindrunum í stuðningi og stoðþjónustu við nemendur með fjölþættar stuðningsþarfir. Gögnin samanstanda af sex hálfopnum viðtölum sem tekin voru á tímabilinu febrúar-mars 2023 og stuðst var við fyrirfram ákveðinn viðtalsramma (sjá viðauka 1).

Ekki var lögð sérstök áhersla á að fylgja viðtalsrammanum í ákveðinni röð til þess að gefa rannsakendum rými til að spyrja fjölbreyttari spurninga eða ítarlega út í þau atriði sem gætu átt vel við rannsóknina og einnig var viðtölunum leyft að flæða. Í fjórum viðtölum var einn viðmælandi, í einu viðtali voru tveir viðmælendur og í einu viðtali voru þrír viðmælendur, viðmælendur voru því níu í sex viðtölum. Viðtölin tóku frá 15-65 mínútur og fóru þau öll fram í vinnuaðstöðu viðmælanda ýmist inni á skrifstofum, í fundarherbergjum eða inni í kennslustofu. Í öllum viðtölunum var andrúmsloftið gott og viðmælendur tóku rannsakendum með opnu hugarfari. Viðtölin gáfu góða innsýn í upplifun og líðan viðmælanda, viðhorf þeirra og væntingar.

4.3 Þátttakendur

Þátttakendur voru valdir með hentugleikaúrtaki (e. convenience sample) (Seale, 2018). Byrjað var á því að senda tölvupóst á sex grunnskóla innan höfuðborgarsvæðisins (sjá viðauka 2). Pósturinn var ýmist stílaður á deildarstjóra stoðþjónustu eða sérkennara innan skólans. Einnig var haft samband við einn sjálfstæðan skóla og eitt sértækt úrræði. Viðbrögð voru nokkuð góð en ekki fékkst svar frá tveimur skólum og erfitt reyndist að finna tíma fyrir viðtal á einum stað. Þar fékk viðkomandi viðtalsramman sendan í tölvupósti en aldrei barst svar þrátt fyrir ítrekanir. Fundinn var tími fyrir viðtal í samráði við aðra viðmælendur og fóru þau fram á vinnustað viðmælanda. Voru þátttakendur upplýstir um tilgang rannsóknarinnar og í hverju þeirra þátttaka væri fólgin. Veittu allir þátttakendur upplýstir um að viðtölunum, hljóðritun þeirra og vinnslu upplýsinga. Þátttakendur voru upplýstir um að fyllsta trúnaðar væri gætt og að fullri nafnleynd væri heitið við úrvinnslu gagna og viðtölin því órekjanleg. Útskýrt var að hætta mætti þátttöku hvenær sem væri í ferlinu. Viðmælendur, skólar og önnur úrræði sem nafngreind voru í viðtölunum hafa öll fengið dulnefni.

Þátttakendur eru allir starfsmenn í grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu sem koma að stoðþjónustu á sínum vinnustað, starfsheiti þeirra eru nokkuð fjölbreytt eins og síðar kemur fram. Þátttakendur eru allt konur á aldrinum 30-65 ára og starfsreynsla þeirra í núverandi

starfi á bilinu 6 mánuðir og allt upp í 15 ár. Guðrún og Sigrún eru báðar sérkennarar í Greniskóla, Guðrún hefur starfað þar í fimm ár og sér núna um 1. bekk skólans og Sigrún hefur starfað þar í fimmtán ár og sér um 5. bekk. Valdís er deildarstjóri stoðþjónustu í Hafskóla og hefur starfað í skólanum í fjögur ár. Hugrún og Klara starfa báðar sem yfirproskapjálfar í Kotskóla, Hugrún hefur starfað þar frá byrjun þessa skólaárs en Klara frá árinu 2019. Malen er deildarstjóri stoðþjónustu í Steinaskóla og hefur starfað þar í fjögur ár. Hulda, Elín og Lilja starfa allar við Þuruskóla, Hulda er þroskajálfi og rekstrarstjóri sem hefur starfað þar frá árinu 2016. Elín er rekstrarstjóri og grunnskólakennari sem hefur starfað þar í þrjú ár og Lilja er námsráðgjafi. Viðmælendur eiga það allar sameiginlegt að búa yfir mikilli starfsreynslu innan skólakerfisins.

4.4 Úrvinnsla gagna

Niðurstöður þessarar rannsóknar byggjast á sex viðtölum við starfsmenn grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu sem starfa innan stoðþjónustu skólans. Viðtölin voru hljóðrituð í rauntíma og í kjölfarið afrituð orðrétt ásamt því að viðtalsnótur voru skrifaðar eftir að hvert viðtal átti sér stað. Viðtölin voru 56 blaðsíður þegar lokið hafði verið við að skrifa þau upp. Við úrvinnslu gagna var notast við kóðun (e. coding). Kóðun er algengt úrvinnsluform í rannsóknum sem hjálpar til við að flokka niðurstöður viðtalanna í þemu. Kóðun hjálpar til við að bera mismunandi svör viðmælanda saman og þannig sjá hverju þeir eru sammála og einnig hverju þeir eru ósammála. Viðtölin voru lesin yfir af rannsakendum í nokkur skipti og þau atriði sem þóttu áhugaverð og sýna mikilvæga þætti í rannsókninni voru merkt sérstaklega. Rannsakendur lásu viðtölin í sitthvoru lagi og merktu það sem vakti sérstaka athygli. Í framhaldi lásu rannsakendur yfir hjá hvor annarri. Leitað var eftir sameiginlegum þáttum í viðtölunum sem voru svo í framhaldi kóðuð og út frá kóðunum voru unnin þemu út frá þemagreiningu Braun og Clarke (2006) með hliðsjón af rannsóknarspurningunni. Nokkuð auðvelt reyndist að greina þemu þar sem klár samnefnari var út frá viðtölum. Rannsakendur greindu þrjú megin þemu: Vöntun á fagfólki inn í grunnskólana, stoðþjónusta og breytingar á skólakerfinu.

4.5 Siðferðileg álitamál

Til þess að tryggja nafnleynd þátttakenda og koma í veg fyrir að hægt sé að rekja við hvaða skóla viðmælendur starfa er vísað til þeirra, skólanna og annarra tilgreindra staða með dulnefni við greiningu gagna. Það þarf að huga að ýmsum siðferðilegum álitamálum þegar eigindleg rannsókn er framkvæmd. Beauchamp og Childress settu fram svokallað siðalögmál þar sem að þeir lögðu til fjórar tegundir af lögmálum. Velgjörðarlögmálið sem snýr að því að ávinningur vegi þyngra en hugsanlegur skaði, skaðleysislögmálið er skylda til þess að skaða ekki þátttakendur eða aðra einstaklinga og hópa samfélagsins, sjálfræðislögmálið er skylda til

þess að virða gerendahæfni einstaklingsins og rétt hans til þess að taka upplýsta ákvörðun á eigin forsendum og réttlætisreglan sem er skylda til þess að huga að réttlæti (Ali og Kelly, 2018).

Rannsakendur fóru því vel yfir þessi skilyrði áður en að rannsóknin hófst. Þar sem fulls trúnaðar og nafnleyndar er gætt í rannsókninni og ekki verið að fjalla um málefni einstakra einstaklinga í þessari rannsókn var svo metið að ávinningur rannsóknarinnar yrði alltaf meiri en skaði hennar. Sá ávinningur sem hlýst af rannsókn þessari er meðal annars að raddir fagfólks koma fram og þeirra sjónarhorn á hvað má betur fara í grunnskólakerfinu svo nemendur með fjölpættar stuðningsþarfir nái að njóta sín sem best í grunnskólanámi. Af því má draga lærdóm og standa vonir rannsakenda til að breytingar verði til hins betra í kjölfarið. Rannsakendur telja að rannsóknin geti ekki valdið neinum skaða þar sem að ekki er fjallað um málefni einstaklinga og ekki er hægt að rekja upplýsingar þar sem öllum skólum og viðmælendum hefur verið gefið dulnefni. Þátttakendur skrifuðu allir undir upplýst samþykki (sjá viðauka 3) áður en að viðtölin hófust þar sem þeim var gerð grein fyrir að fullri nafnleynd og trúnaði væri heitið, að þeim bæri ekki skylda til þess að taka þátt, væri frjálst að svara ekki ákveðnum spurningum eða hætta þátttöku hvenær sem væri í rannsóknarferlinu. Einnig voru viðmælendur fullvissaðir um að öllum gögnum yrði eytt að úrvinnslu lokinni. Við fyrstu tölvupóstasamskipti við þátttakendur var þeim einnig bent á að þeir gætu fengið viðtalsramma sem stuðst var við í viðtalinu sendan fyrir viðtalið ef áhugi væri fyrir hendi.

5 Niðurstöður

Hér verður greint frá niðurstöðum rannsóknarinnar. Þrátt fyrir mismunandi menntun viðmælenda og að starfa í ólíkum skólum höfðu þeir margar sameiginlegar skoðanir og hugmyndir. Út frá viðtölunum voru greind þrjú þemu: 1) Vöntun á fagfólki inn í grunnskólana, 2) Stoðþjónusta og 3) Breytingar á skólakerfinu. Greining á þemunum er rökstudd með orðréttum tilvísunum í viðtölin.

5.1 Vöntun á fagfólki inn í grunnskólana

Það er sífelld umræða í samfélaginu um að það vanti fleira starfsfólk inn í menntakerfið á Íslandi (Unnur Helga Óttarsdóttir, 2022) og voru allir viðmælendur okkar sammála því. Þrátt fyrir að nokkrir viðmælendur vildu meina að þeir væru ágætlega mönnum töldu þeir að það væri alltaf pláss fyrir fleira fólk og að þeir vildu alltaf fá meira til að geta mætt mismunandi þörfum nemenda í námi. Í öllum viðtölunum kom fram að vöntun væri á þroskaþjálfum og þeirri mannréttindanálgu sem þeir starfa eftir. Því eins og sést í siðareglum þroskaþjálfna þá fela störf þeirra í sér m.a. að hafa heildræna sýn að leiðarljósi og grundvallast á virðingu fyrir einstaklingnum og sjálfræði hans (Þroskaþjálfafélag Íslands, 2016). Það að vera með fleira starfsfólk og þá sérstaklega fagfólk bætir bara þjónustuna og gerir skólanum kleift að sinna öllum nemendum eins vel og hægt er. Guðrún kom þessum skilaboðum hnitmiðað fram:

GK: [það vantar] Þroskaþjálfna út um allt...já og bara fólk.

Það kom einnig skýrt fram að þeir sem sinna stuðningi innan stoðþjónustu grunnskólanna við nemendur með fjölbættar stuðningsþarfir eru flestir með allt of mikið af verkefnum og eru á hlaupum allan daginn. Þegar starfsfólk er með alltof mikið af verkefnum gefst ekki tími til þess að sinna hverjum nemenda eins vel og hann á skilið. Eins og Klara kemur inn á: „Það er svo oft mikið að gera hjá fólki að það er erfitt að finna sér tíma í það. Það eru alltaf meiri og meiri og meiri kröfur“. Í þeim skóla sem Malen starfar er vel mannað að hennar sögn en þar starfa meðal annars fjórir þroskaþjálfar en hún tók samt fram að þau vantaði fleira fagfólk til sín:

MK: Okkur vantar líka fleiri fjölbreyttari þekkingu inn í skólann. Þú veist okkur vantar talmeinafræðinga okkur vantar iðjuþjálfna, okkur vantar sálfræðing og svo vildi ég óska þess að við værum með fleiri þroskaþjálfna mér finnst bara eins og staðan er núna þeir vera jafn mikilvægir og kennarar.

Viðmælendurnir voru sammála um að þá vantaði fleira og fjölbreyttara fagfólk inn í starfsmannahóp þeirra og að sú staða kæmi of oft upp að starfsfólk væri að vinna störf annarra fagstétta sem þau eru ekki undirbúin fyrir og hefðu ekki þá þekkingu sem væri þörf fyrir í slíkum tilfellum. Bæði Klara og Guðrún töluðu um að þær væru oft að sinna starfi annarra fagstétta sem þær eru alls ekki menntaðar til eða hæfar í. Guðrún er til að mynda menntaður leikskólakennari og átti að vera sinna starfi talmeinafræðings sem er mjög viðkvæmt starf því að ef því er ekki sinnt rétt getur það haft áhrif sem ekki er hægt að laga.

GK: Bara sem dæmi með málörvunarhópa ég átti bara að vera með massíva þjálfun en ég er bara ekki talmeinafræðingur og ég ætla ekki að fara kenna þeim og skemma fyrir. Börn sem skrolla og bara hljóð sem ég kann ekki eða heyri ekki að vanti. Þessar sérhæfingar eiga bara að vera í hverjum skóla punktur.

Klara sem er menntaður þroskaþjálfari nefndi dæmi um aðstæður þar sem hún þurfti að sinna starfi sálfræðings og var oft mjög óörugg með hvað hún átti að vera segja eða gera í þeim aðstæðum.

KA: Það vantar sérstaklega sálfræðinga, maður er mjög oft í þeirri vinnu sem að maður á ekkert að vera gera. Ég hef alveg oft haft nokkra [nemendur] í sjálfsvígshugsunum, þá er maður alveg svona...hvar á ég að standa og hvenær er þetta nógu alvarlegt og hvenær er þetta það ekki... eitthvað sem ég segi gæti verið triggerandi og bara allskonar.

Lilja sem starfar í sjálfstætt starfandi grunnskóla með einum fjölbreyttasta og fjölmennasta starfsmannahópnum þar sem að meðaltali er einn kennari á hverja tíu nemendur var jafnframt á því að hjá þeim væri skortur á fagfólki.

LMA: Ég myndi vilja hafa sérkennara, ef ég segi alveg eins og er. Það væri alveg gott að hafa, það eru svona ákveðin atriði.

Út frá viðtölunum má heyra að töluvert er um að ófaglært starfsfólk sé að sinna sérkennslu barna sem mörg hver eru með fjölþættar stuðningsþarfir. Í sumum tilfellum líkt og Hugrún kemur inn á eru ungir krakkar látnir vera með nemendur sem þurfa einna mest á öflugum stuðningi á að halda.

HR: Svo er líka oft á tíðum ómenntaðir stuðningsfulltrúar með kannski flóknustu börnin mestmegnis af deginum og meiri hlutinn af þeim eru bara einhverjir tvítugir krakkar.

Mikil vöntun er á fagfólki innan grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu til þess að nemendur með fjölþættar stuðningsþarfir fái þann stuðning og þá þjónustu sem þeir bæði þurfa á að halda og eiga samkvæmt lögum rétt á.

5.2 Stoðþjónusta

Viðmælendur höfðu ekki allir sömu skoðun á því hvort betra væri fyrir nemendur að fá stuðning inn í bekk eða fyrir utan. En mikilvægi þess að fylgja bekk og tilheyra var einnig rætt og sagði Valdís að sérúrræðin væru ekki alltaf slæm, hún þekkti dæmi þar sem barn blómstraði eftir að það kom í sérdeild. Malen sagði frá nemanda með Down's sem gengur betur að vera inn í bekk heldur en ekki. Hefur hann tekið miklum framförum frá því hann fór meira inn í almennan bekk. Svo hvert tilfelli væri einstakt. Allir viðmælendur töluðu um að ávallt væri reynt að leita lausna innan bekkjar fyrst. Því eins og Sigrún nefndi þá er mikilvægt að nemandi væri með jafnöldrum, af þeim lærðu þau svo mikið. Klara nefndi nokkur dæmi af leiðum og úrræðum sem nýtt væru inn í kennslustofunni til að mæta ólíkum þörfum nemenda.

KA: Svo erum við auðvitað með heyrnartól, blokka hljóð, sumir fíla það ekki, þú veist bara meika ekki að láta snerta þannig að þetta er allskonar. Við erum með þyngingarteppi, við erum með allskonar fikt dót. Þannig að maður er alltaf að prófa og prófa inn í bekk í samráði við kennara.

Þegar umræðan barst að úrræðum utan bekkjar eða utan skóla í námsúrræðum á vegum sveitarfélaga eða einkarekinna aðila voru svörin einnig mismunandi og vel rökstudd, hvorki Hugrún né Klara voru hrifnar af hugmyndinni um að nemendur væri einir í bekk eins og kemur fyrir í sumum einkaúrræðum, en að það væri kannski betri kostur frekar en að börnin

væru algjörlega einangruð heima hjá sér. En þær ásamt Lilju voru sammála um að slík úrræði væru ekki góð þegar horft væri til félagslegra tengsla. Malen nefndi að þó skólinn væri með fullt af úrræðum innan skóla eins og t.d. námsver og aukinn stuðning þá væri líka úrræðaleyfi. Þau reyndu alltaf að mæta þörfum allra en stundum væri það bara ekki hægt. Guðrúnu fannst að barnið ætti að hafa val og að þetta færi eftir barninu. Valdís var þeirrar skoðunar að það þyrfti alltaf að skoða hvert og eitt tilvik og horfa til margra þátta. Allar töluðu þær um að mikilvægast væri að barninu liði vel. Hulda nefndi dæmi þar sem nemandi kom úr sérdeild og hann bara blómstraði, með einstaklingsmiðaðri nálgun og hann upplifði sig í kjölfarið ekki sem frávik. Klara nefnir að hjá þeim hafi það gerst að ekki náðist að koma til móts við þarfir nemanda innan skólans sem endaði með því að foreldrar ákváðu að kenna barninu heima, hún óttast þá stöðu.

KA: Maður er líka bara hræddur ef að það er einhver hegðunarbroti fyrir og þau fara ekki með sterka félagslega færni og kannski hegðunarbroti og eru kannski bara heima hjá sér að byggja upp allskonar ranghugmyndir um fólk, hvað getur gerst.

Malen hafði ákveðnar skoðanir og vildi að horft væri í fjölbreytileika nemendahópsins, sumir nemendur þyrftu stundum á tímabundnu inngripi að halda þá sem áherslan ætti að vera á andlega líðan og námið sett til hliðar á meðan.

MK: Sko auðvitað vildi ég óska þess að enginn þyrfti það [fara í sérúrræði]. En auðvitað erum við síðan með nemendur eins og í Arnarskóla þar sem að vandinn er svo flókinn og þau bara fúnkera bara best þannig og það er kannski bara best fyrir þau. Bara þar sem að barninu líður best þar á barnið að vera útaf því að líðan er bara forsenda alls og framtíðar.

Mikilvægt er horfa ekki eingöngu á nemandann með sérþarfirnar heldur þarf einnig að huga að öryggi annarra nemenda og samspili þar á milli. Allir nemendur eiga þann rétt að upplifa sig örugga í skólanum. Viðmælendur voru sammála um að ávallt þyrfti að horfa á nemandann og mæta þörfum hans þar sem hann væri staddur hverju sinni. Ef nemanda liði betur utan stofu þá væri það betra, en að alltaf ætti að prófa öll ráð áður en slíkt væri gert. Valdís sagði frá því að stundum er áreiti inn í bekk það mikið að barn þolir það illa og bregst þá við t.d. með að setja brunabjöllu af stað til að losna úr aðstæðum. Sigrún var þeirrar skoðunar að sérúrræði gætu hentað sumum nemendum en benti á mikilvægi þess að vera í

sínum heimaskóla og að nauðsynlegt væri að koma betur til móts við nemendur með sérþarfir.

VA: Það má ekki gleyma hinum nemendum sem eru líka í bekknum. Þeir nemendur hafa líka rétt. En úrræðaleysi er vandamál sem flókið er að takast á við, að hafa rétt allra í huga. Ég myndi mögulega vilja að þetta væri sveitarfélagið sem væri að starfrækja þetta, þú veist maður sér það. En ég hef í raun ekkert út á þetta að setja, nema ég myndi óska að það væri hægt að sækja um þetta gegnum sveitarfélagið.

Einnig vantar upp á aukna fræðslu starfsfólks á bæði fjölbreyttum stuðningsþörfum og viðbrögðum í mismunandi aðstæðum. Viðmælendur voru sammála um að ein stærsta áskorunin í starfi væri hegðunarvandi og að kennararnir sýndu oft skilningsleysi og væru ekki alltaf góðir í að takast á við erfiðar aðstæður. Voru viðmælendur sammála um að kennarar þyrftu að fá aukna fræðslu á mismunandi þörfum nemenda í kennaranáminu. Klara sagði frá atviki þar sem kennari sýndi engan skilning á aðstæðum barns með fjölþættar stuðningsþarfir:

KA: Einu sinni fékk ég frá kennara fyrir framan allan bekkinn: hvað á ég að gera við þetta [nemandann] eins og þetta væri bara hlutur, ég var bara: ég er búin að vera í korter frammi að koma honum inn og svo bara fyrsta sem ég heyri.. og barnið auðvitað bara beint út aftur. Það er bara drullu krefjandi, þannig að kennararnir þyrftu að fá aukna kennslu.

Ákveðinn samnefnari er í viðtölunum og krafa um aukna fræðslu til bæði skólaliða og kennara varðandi fjölþættar stuðningsþarfir nemenda. Vilji fyrir fræðslu er fyrir hendi eins og deildarstjórar stoðþjónustu Malen og Valdís nefndu en þær ná ekki að sinna öllum þeim stuðning sem þær vildu og ná ekki að deila fræðslu til starfsfólks í þeim mæli sem þær myndu vilja.

5.3 Breytingar á skólakerfinu

Framundan eru miklar breytingar í skólakerfinu með tilkomu laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. eru lögin í innleiðingarferli og ekki komin til framkvæmdar í öllum skólum. Það var nokkur munur á því hversu vel viðmælendur könnuðust við farsældarlögin, sumir þekktu vel til þeirra en aðrir ekkert. Viðmælendur höfðu allar ákveðna sýn á hverju

þær myndu vilja breyta í menntakerfinu ef það væri í þeirra höndum. Einstaklingsmiðað nám og gott aðgengi að kennurum nefndi Elín og voru allir viðmælendur sammála um það að mikil vöntun væri á fagfólki og þá sérstaklega þroskaþjálfum inn í skólana, að þeirra sérþekking og nálgun ætti vel heima þar. Lilja og Elín nefndu báðar líðan þegar kæmi að áherslum í menntun. Ásamt því að þörf væri á að bæta samstarfs milli skóla, heimilis og annarra sem koma að málefnum barnanna með því að hafa starfandi ráðgjafa fyrir foreldra hjá sveitarfélaginu.

LMA: Kannski mikilvægt að hafa það, að það þarf oft að halda vel utanum foreldrana sérstaklega ef barni er búið að líða illa lengi, þá eru foreldrarnir oft alveg á nálum og maður skilur það alveg.

Stór samnefnari var um áherslu á vellíðan, tilfinningar og félagslega þáttinn. Minni bekkir, fleiri kennara ásamt því að úrræðin væru ekki aðkeypt. Klara hafði á orði:

KA: Ég myndi minnka bekkina þeir eru alltof stórir. Og líka bara samskiptin á milli barnanna þannig að þau séu öruggari að tjá sig og bara opnari með sínar skoðanir.

Viðmælendur vildu líka sjá aukinn sveigjanleika og heilðræna endurskoðun á aðalnámskrá ásamt mikilli aukningu á fjármagni inn í skólana. Malen, Guðrún og Valdís koma allar inn á þá hugmynd að skólarnir væru orðnir miklu meira en bara menntastofnanir og til þess að sinna öllum þeim kröfum sem settar hafa verið á skólanna væri best að öll sérfræðipjónusta yrði innan skóla. Þannig myndu þeir ná að sinna öllum nemendum betur, það yrði minna rask og samstarf á milli stofnana væri mun skýrara. En til þess þyrfti meira fjármagn og stuðning frá ríkinu. Malen kom mjög vel inn á þetta með athugasemd sinni:

MK: Skólinn í dag er ekki lengur bara menntastofnun við erum bara orðin svo allskonar... við eigum að vera orðin svo miklu meira miðað við kröfur og ný farsældarlög og þannig að við getum það þá þurfum við fjármagn og meiri fagþekkingu inn í skólana.

Valdís kemur með svipaða þælingu og telur að með því að skólarnir fái það fjármagn sem fer í sértæk úrræði gætu þau betur sinnt allri þjónustu innan skólans:

VA: Fjármagnið sem fer í að senda nemandu í úrræði, ef það kæmi inn í skólann þá kannski gætum við sinnt þessu betur. Og það finnst mér kannski punktur sem þarf að skoða, ef það er vilji fyrir því að vera innan skóla.

Úrræði sem keypt eru frá einkaaðilum eru kostnaðarsöm og fjármagnið myndi nýtast vel innan grunnskólanna sjálfra og vildi Valdís sjá breytingar.

VA: Ég myndi klárlega breyta, þannig að við gætum bara verið með úrræði hér og verið bara stolt af því, verið með fólk hér og húsnaði það er eitt. Að maður geti komið til móts við fjölbreyttar þarfir uuuu maður sé ekki alltaf á hlaupum. Maður upplifir það þínu, manni langar til að koma upplýsingum til fólks en það er ekki alltaf tími til þess, það væri gott að hafa svigrúm til þess.

Guðrún er einnig á sama máli og vill hafa alla þjónustu innan skólanna og kemur með uppskrift að sínum draumaskóla þar sem öll þjónusta er innan skóla, að þar sé starfandi iðjuþjálfari, talmeinafræðingur, sálfræðingur og þroskaþjálfari.

Skoðanir og raddir viðmælenda vöktu athygli og skildu eftir sig lærdóm. Greinilegur samhljómur um þörf fyrir breytingar og að margt mætti gera betur. Kjarninn úr viðtölunum er mögulega sá að það fjármagn sem kemur inn í skólana dugir ekki til, eins og Valdís nefndi þá vill hún fá það fjármagn inn í skólann sem kostar að senda nemandu í sérúrræði. Það er mjög áhugavert að heyra skoðanir fagfólks á vettvangi og fá hugmynd að breytingum í menntakerfinu þegar kemur að þjónustu við nemendur með fjölþættar stuðningsþarfir og aðra sérfræðiþjónustu.

6 Umræður

Í þessum kafla verður fjallað um niðurstöður rannsóknarinnar með hliðsjón af fræðilegum grunni með það markmið að svara rannsóknarspurningunni: Hvaða hindranir eru í stuðningi og stoðþjónustu við grunnskólanemendur með fjölþættar stuðningsþarfir?

Á Íslandi er skólaskylda fyrir öll börn á aldrinum 6-16 ára. Þeir nemendur sem eiga erfitt með nám sama hvort það er vegna andlegra eða líkamlegra örðugleika eiga rétt á sérstökum stuðningi í námi (lög um grunnskóla nr. 91/2008). Á Íslandi er lögbundin skólafestna og í lögum um grunnskóla (2008) segir að menntakerfið hér á landi eigi að vera án allra aðgreiningar og eigi að þjóna hverjum og einum nemanda á hans eigin forsendum. Grunnskólinn spilar stórt hlutverk í lífi flestra barna og í umfjöllun um skólakerfið er mikilvægt að raddir og skoðanir sem flestra fái að heyrast. Á það sérstaklega við þegar fjallað er um nemendur með fjölþættar stuðningsþarfir og þeirra skólagöngu þar sem leið þeirra inn í grunnskólana var löng. Ekki var gert ráð fyrir fötluðum nemendum í almennum grunnskólum á Íslandi fyrr en árið 2008 þegar nám án aðgreiningar var lögbundið (lög um grunnskóla nr. 91/2008). Líkt og fram hefur komið eiga nemendur með sérþarfir rétt á að ganga í skóla til jafns við önnur börn, er slíkt tekið skýrt fram í 17. grein laga um grunnskóla (91/2008).

Með hliðsjón af þessum upplýsingum er áhugavert að rannsaka og skoða þær hindranir sem eru í vegi fyrir grunnskólanemendum með fjölþættar stuðningsþarfir þegar kemur að stuðningi og stoðþjónustu. Það er mikilvægt að rannsaka málefnið nánar því þrátt fyrir að sagan um skóla fyrir alla sé löng og nær langt aftur í tímann var það ekki fyrr en árið 2008 sem það var lögleitt að skólinn væri í raun og veru fyrir alla, eða rúmum 100 árum eftir að almenn skólaskylda var lögleidd á Íslandi. Í stóra samhenginu hafa því fatlaðir nemendur ekki verið partur af hinu almenna grunnskólakerfi í langan tíma og eru í raun ekki enn orðin hluti af heildinni eins og sjá má í niðurstöðum rannsóknarinnar sem sýna fram á að nemendur séu ekki að fá þann stuðning innan skólakerfisins sem þeir þurfa og eiga rétt á. Því er mikilvægt að rannsaka stöðuna reglulega svo að hægt sé að skoða hvort að allir séu að fá þá þjónustu sem þeir eiga rétt á og skoða hvaða hindranir geta staðið í vegi fyrir því að nemendur með fjölþættar stuðningsþarfir séu að fá þann stuðning innan stoðþjónustunnar sem þeir eiga rétt á og þurfa á að halda til þess að geta stundað það nám sem þeim ber skylda til. Niðurstöður rannsóknarinnar gefa til kynna að það sé margt sem betur megi fara í stoðþjónustu skólanna og stuðningi við nemendur með fjölþættar stuðningsþarfir. Þar má nefna skort á fjármagni, skort á tíma og vöntun á fagfólki, og þá sérstaklega þroskaþjálfum. Niðurstöðurnar eru því í samræmi við fyrri rannsóknir.

Skortur á fjármagni innan grunnskólanna var rauður þráður í niðurstöðum rannsóknarinnar. Líkt og kom fram í niðurstöðum rannsóknarinnar gætu skólarnir sinnt

hverjum og einum nemanda betur og boðið upp á betri stoðþjónustu innan grunnskólanna með auknu fjármagni. Þá væri hægt að ráða inn fleira fagfólk sem kæmi með sérþekkingu sína inn í skólanna og þannig minnka álagið á öðrum starfsmönnum. Það myndi gera það að verkum að starfsfólk, bæði kennarar, þroskaþjálfar og aðrir starfsmenn myndu hafa meiri tíma til að sinna fjölbreyttum þörfum nemenda. Þessar niðurstöður eru því í samræmi við rannsókn Auðar Lilju Harðardóttir og Jóhönnu Karlsdóttir (2019) sem bendir á að þörf sé á auknu fjármagni inn í skólanna.

Vöntun á fagfólki er ein helsta hindrun grunnskólanna þegar kemur að stoðþjónustu þeirra og getunni til þess að veita öllum nemendum þann stuðning sem þeir þurfa á að halda. Augljóst er af niðurstöður rannsóknarinnar að mikill vöntun er á fagfólki í grunnskólum. Þegar talað er um fagfólk er til dæmis átt við þroskaþjálfara, kennara, talmeinafræðinga, sálfræðinga og iðjuþjálfara. Út frá niðurstöðum rannsóknarinnar má sjá að starfsfólk skólanna er oft að sinna starfi annarra fagstétta þar sem vöntun er á fagfólki. Til þess að nemendur með fjölpættar stuðningsþarfir geti fengið þann stuðning sem þeir þurfa og eiga rétt á í sínu námi þarf að vera nóg af fagfólki innan skólanna til að geta veitt viðeigandi stuðning. Eru þessar niðurstöður í samræmi við fyrri rannsóknir, í niðurstöðum skýrslu Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar (2019) kemur fram að það sé alls ekki nóg af fagfólki innan grunnskólanna í Reykjavík. Í rannsókn Sigrúnar Harðardóttur, Ingibjargar Karlsdóttur og Alex Björns Stefánssonar (2022) kemur fram að kennarar eigi erfitt með að sinna nemendum með fjölpættar stuðningsþarfir þar sem ekki gefist tími í það, að bekkirnir séu of stórir til að hægt sé að sinna öllum nemendum á þeirra forsendum. Með því að fjölga fagfólki í skólunum og þannig minnka verkefni og kröfur á núverandi starfsfólk væri hægt að koma í veg fyrir að kennarar nái ekki að sinna öllum nemendum vegna tímaleysis.

Hver nemandi er einstakur og því þarf að mæta honum þar sem hann er staddur. En til að geta gert það þarf ákveðna þekkingu, og samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar er vöntun á fræðslu í námi kennara. Þeir hafa ekki fengið nægilega fræðslu um sérþarfir og eiga því erfiðara með að takast á við það. Þetta samræmist fyrri rannsóknum bæði Sigrúnar Harðardóttur, Ingibjargar Karlsdóttur og Alex Björns Stefánssonar (2022) þar sem niðurstöður sýndu fram á að aðeins 12% kennara töldu sig hafa fengið næga fræðslu í kennaranáminu til þess að sinna nemendum með fjölpættar stuðningsþarfir. Einnig rannsókn Guðbjargar Ólafsdóttur og Berglindar Rósar Magnúsdóttur (2017) þar sem niðurstöður benda til þess að kennarar upplifi vanmátt og finnast þeir ekki undirbúnir í það að starfa eftir hugmyndinni um skóla án aðgreiningar.

Út frá niðurstöðum rannsóknarinnar má ætla að stoðþjónusta innan grunnskólanna sé ekki að ganga eins vel og hún á að gera. Það eru misjafnar skoðanir á því hvaða úrræði henti best, hvort það séu námsver, stuðningur inn í bekk eða jafnvel einkaúrræði.

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna fram á að það þurfi að hafa alla mögulega valmöguleika í boði þar sem nemendur eru ólíkir. Sumir nemendur læra mest og best þegar þeir fá stuðning inn í bekk á meðan aðrir nemendur þola illa áreiti og hentar best að vera einir með kennara í sér herbergi eða jafnvel sérúrræði þar sem er hægt að koma til móts við allar þarfir nemandans. Í niðurstöðum rannsóknarinnar sjáum við bæði dæmi um nemanda sem hentaði betur að vera í sérkennslu og nemanda sem hentaði betur að vera inn í bekk. Það virðist þó vera best í flestum tilfellum að reyna eins og hægt er að halda nemendum inn í bekk þar sem félagslegi parturinn skiptir miklu máli fyrir framtíðina. Fyrri rannsóknir hafa einnig sýnt fram á að nemendur með fjölþættar stuðningsþarfir nái mestum framförum og árangri í námi þegar þeir eru innan um aðra nemendur (Menntamálaráðuneytið, 1995). Það er þó mikilvægt að allir skólar bjóði upp á mismunandi aðstæður fyrir nemendur til að læra þar sem nemendur eru ólíkir og þeir eiga að geta valið um hvar þeir vilji læra eftir því hvað hentar best líkt og niðurstöður rannsóknar Sigrúnar Harðardóttur og Guðrúnu Kristinsdóttur (2016) gefa til kynna.

Ætla má að á allra næstu árum verði miklar breytingar í skólakerfinu með lögfestingu laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna (86/2021). Með lögunum ætti að vera auðveldara fyrir nemendur með fjölþættar stuðningsþarfir að fá þann stuðning sem þeir þurfa á að halda í námi. Með lögunum er lögð áhersla á samvinnu milli fagaðila sem koma að málefnum barna og hvert barn fær tengilið sem á að hafa hagsmuni barnsins í forgangi og aðstoða við mat á þörfum. Ásamt lögunum er Landsteymi að vinna að því að kortleggja þau úrræði sem eru nú þegar í boði í menntakerfinu með það markmið að bæði byggja upp þekkingu og finna út hvaða úrræða sé þörf (Mennta-og barnamálaráðuneytið, 2023,b). Út frá niðurstöðum rannsóknarinnar má sjá að skólarnir eru komnir mislangt í að innleiða lögin, enginn skóli er þó farinn að starfa algjörlega eftir lögunum enda eru þau ennþá í innleiðingarferli.

Markmið þessarar rannsóknar var að skoða hvaða hindranir væru í stuðningi og stoðþjónustu grunnskólanema með fjölþættar stuðningsþarfir. Lagt var upp með rannsóknarspurninguna: Hvaða hindranir eru í stuðningi og stoðþjónustu við grunnskólanemendur með fjölþættar stuðningsþarfir? Niðurstöður rannsóknarinnar gefa til kynna að þó að flestir skólar bjóði upp á nokkuð fjölbreytta stoðþjónustu séu alltaf einhverjar hindranir sem standa í vegi fyrir að nemendur með fjölþættar stuðningsþarfir fái fullnægjandi stuðning í námi. Skortur er á fjármagni til skólanna svo hægt sé að bjóða nemendum með fjölþættar stuðningsþarfir þann stuðning sem þeir þurfa á að halda. Það gerir það að verkum að mikil vöntun er á fagfólki inn í skólana sem leiðir af sér að núverandi starfsfólk hefur ekki tækni á að sinna öllum verkefnum eins vel og þörf er á, og er starfsfólk einnig farið að sinna störfum annarra fagstétta en sinnar eigin. Það er þó ekki nóg að ráða

inn fleira starfsfólk heldur þarf að passa upp á að hæfni þeirra til að sinna nemendum með fjölpættar stuðningsþarfir sé fullnægjandi. Nemendur eiga samkvæmt lögum rétt á því að geta stundað nám þar sem hentar þeim best. Því þarf menntakerfið að bjóða upp á fjölbreytt úrræði svo sem með námsveri, sérkennslu, sérskólum eða jafnvel einkaúrræðum svo að nemendur hafi raunverulegt val.

7 Lokaorð

Sú umfjöllun sem hér á undan hefur farið er að mörgu leyti viðkvæm og snertir marga. Ávallt standa vonir fólks til þess að öllum börnum farnist sem best í námi og í lífinu. Slíkt er þó ekki alltaf raunin og eru mörg börn hér á landi sem eiga erfitt í námi. Úrræðin sem kennarar hafa eru takmörkuð og ekki nægjanleg til að geta mætt þörfum allra nemenda. Skólinn er stór partur í lífi hvers barns og þarf skólaumhverfið að taka vel á móti öllum nemendum og vera þeim öruggt skjól. Það er um þriðjungur allra grunnskólanemenda sem nýtir sér sérkennslu með einum eða öðrum hætti á Íslandi og því verða að vera til góð og fullnægjandi úrræði til þess að sinna þessum stóra hópi.

Einnig virðist vera mikilvægt að endurskoða nám kennara og koma þar inn aukinni fræðslu um ólíkar stuðningsþarfir nemanda svo þeir séu betur í stakk búnir til þess að takast á við alla nemendur. Það eru ýmsar hindranir í vegi þegar kemur að stoðþjónustu og stuðningi við nemendur með fjölþættar stuðningsþarfir þrátt fyrir að skýrt komi fram í 17. gr. laga um grunnskóla frá 2008 að þessi nemendahópur eigi jafnan rétt og aðrir nemendur á skólagöngu og tækifæra innan sinna hverfisskóla. Það skilar ekki árangri að yfirvöld setji endalaus lög um að allir eigi að stunda nám í grunnskólum á Íslandi og að skólarnir eigi að geta tekið á móti öllum börnum ef nægilegt fjármagn fylgir ekki inn í skólana svo að það sé hægt að sinna öllum þessum kröfum.

Við framkvæmd rannsóknarinnar kom upp sú hugmynd að skólarnir myndu taka yfir og sjá um alla þá sérfræðiþjónustu sem nemendur eiga rétt á og eru að nýta. Það er klárlega hugmynd sem vert er að skoða nánar og jafnvel hægt að prófa sem tilraunar verkefni. Með því myndi að öllum líkindum stoðþjónusta grunnskólana styrkjast til muna og hindrunum sem eru í vegi fyrir nemendum með fjölþættar stuðningsþarfir minnka til muna. Það skiptir máli að gott samstarf sé milli heimilis og skóla, að allir þeir sem koma að þjónustu barns séu í virku samtali og standa vonir til þess að með innleiðingu laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna að slíkt gangi betur en það hefur gert hingað til. Með virkri samvinnu er hægt að ná árangri.

Heimildaskrá

- ADHD samtökin. (e.d.). *Hvað er ADHD?* <https://www.adhd.is/is/um-adhd/hvad-er-adhd>
- Aðalnámskrá grunnskóla 2011: Almennur hluti /2011.
- Ali, S. og Kelly, M. (2018). Ethics and social research. Í C. Seale (ritstjóri ritraðar), *Researching Society and Culture* (bls 44-61). SAGE Publications.
- Arnarskóli. (e.d.). *Um okkur*. <https://arnarskoli.is/um-arnarskola/>
- Auður Lilja Harðardóttir og Jóhanna Karlsdóttir. (2019). Námsmat á yngsta stigi í skóla án aðgreiningar. *Netla –Veftímarit um uppeldi og menntun: Sérrið 2019 – Menntun barna í leikskóla og á yngsta stigi grunnskóla*. https://netla.hi.is/serrit/2019/menntun_barna_leik_grunn/07.pdf
- Batshaw, M. L., Leon, E. og Kisling, M. S. (2019). The genetics underlying developmental disabilities. Í M. L. Batshaw, N. J. Roizen og L. Pellegrino (ritstjórar ritraðar), *Children with Disabilities* (bls. 3-23). Paul H. Brookes Publishing Co.
- Berglind Rós Magnúsdóttir. (2016). Skóli án aðgreiningar - Átakapólar, ráðandi straumar og stefnur innan rannsóknarsviðsins. Í Dóra S. Bjarnason, Hermína Gunnþórsdóttir og Ólafur Páll Jónsson (ritstjórar ritraðar), *Skóli margbreytileikans - menntun og manngildi í kjölfar Salamanca* (bls. 67-94). Háskólaútgáfan.
- Björk Þórarinsdóttir. (e.d.). *ADHD & lýðræði - Raunveruleiki eða fögur fyrirheit*. ADHD samtökin. http://www.throska.is/static/files/5-adhd_og_lydraedi.pdf
- Braun, V. og Clarke, V. (2006). Using thematic analysis in psychology. *Qualitative Research in Psychology*, 3(2), 77-101.
- Brúarskóli. (e.d.). *Um skólann*. <https://bruarskoli.is/skolinn/um-skolann/>
- Creelman, K. (2021). A literature review of understanding and supporting students with attention deficit hyperactivity disorder in the Classroom. *Northwest Journal of Teacher Education*, 16(1), 1-10. <https://doi.org/10.15760/nwjte.2021.16.1.3>
- Einhverfusamtökin. (2021). *Einhverfa*. https://www.einhverfa.is/static/files/skrar/einhverfa_web.pdf
- Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir. (2014). *Skipulagning úrræða vegna stuðnings við nám án aðgreiningar – Yfirlitsskýrsla*. Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir.
- Foldaskóli. (e.d.). *Sérstakur stuðningur*. <https://foldaskoli.is/serstakur-studningur/>
- Guðbjörg Ólafsdóttir og Berglind Rós Magnúsdóttir. (2017). Milli steins og sleggju - Hugmyndir umsjónarkennara um faglegt sjálfstæði sitt til að tryggja fulla þátttöku

allra nemenda í efstu bekkjum grunnskóla. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*. https://netla.hi.is/serrit/2017/menntakvika_2017/005.pdf

Guðrún V. Stefánsdóttir og Kristín Björnsdóttir. (2016). Við lærum af þeim og þau af okkur“: mentorar í starfstengdu diplómunámi fyrir fólk með þroskahömlun. Í Dóra S. Bjarnason, Hermína Gunnþórsdóttir og Ólafur Páll Jónsson (ritstjórar ritraðar), *Skóli margbreytileikans* (bls. 283-308). Háskólaútgáfan.

Hagstofa Íslands. (e.d.). *Nemendur sem njóta sérkennslu eða stuðnings 2004-2021*. https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__skolamal__2_grunnskola_stig__0_gsNemendur/SKO02107.px/?rxid=22d7d464-147a-48fb-aca9-2bcf7f42ba8c

Hanna Björg Sigurjónsdóttir, Ármann Jakobsson og Kristín Björnsdóttir. (2013). Inngangur: Rannsóknir á fötlun og menningu. Í Hanna Björg Sigurjónsdóttir, Ármann Jakobsson og Kristín Björnsdóttir (ritstjórar ritraðar), *Fötlun og menning - Íslandssagan í öðru ljósi* (bls. 7-25). Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Rannsóknarsetur í fötlunarfræðum 2013. http://www.irpa.is/article/view/c.2013.9.2.7/pdf_307

Heilindi. (e.d.). *Þjónustan*. <https://heilindi.is/thjonustan/>

Hrefna Friðriksdóttir, Rannveig Traustadóttir, Guðrún V. Stefánsdóttir, Ingólfur Einarsson, Gretar L. Marinósson og Una Björk Ómarsdóttir. (2016). *Skýrsla nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007- Könnun á vistun barna á Kópavogshæli 1952–1993*. <https://www.stjornarradid.is/media/innanrikisraduneyti-media/media/frettir-2017/skyrsla-nefndar-vistheimilanevndar---kopavogshaeli.pdf>

Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar. (2019). *Grunnskólar Reykjavíkur - Úthlutun fjárhagsramma og rekstur*. https://reykjavik.is/sites/default/files/skjol_borgarstjornarfundur/4_167_1.1_grunnskolar_reykjavikur_uthlutun_fjarhagsramma_og_rekstur.pdf

Klettabær ehf. (e.d.). *Náms- og starfssetur Klettabæjar*. <https://klettabaer.is/nams-og-starfssetur-klettabaear>

Klettaskóli. (e.d.). *Um skólann*. <https://klettaskoli.is/skolinn/um-skolann/>

Kristín Björnsdóttir, Ólafur Páll Jónsson og Guðrún V. Stefánsdóttir. (2022). Háskóli fyrir alla. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun: Sérít 2022 – Framtíð og tilgangur menntunar: Sérít til heiðurs Jóni Torfa Jónassyni, prófessors emeritus*. https://netla.hi.is/serrit/2022/heidurs_jon_torfa/11.pdf

Lög um fávítahæli nr.18/1936.

Lög um grunnskóla nr. 63/1974.

Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021.

Lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

- Mennta- og barnamálaráðuneytið. (2023,a). *Ísland og Sameinuðu þjóðirnar í samstarf um farsæld barna*. <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2023/02/07/Island-og-Sameinudu-thjodirnar-i-samstarf-um-farsaeld-barna/>
- Mennta- og barnamálaráðuneytið. (2023,b). *Landsteymi um farsæld barna í skólum*. <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2023/03/17/LAUF-Landsteymi-um-farsaeld-fyrir-born-i-skola/>
- Menntamálaráðuneytið (1995). *Salamanca yfirlýsingin og rammaáætlun um aðgerðir vegna nemenda með sérþarfir*. <https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/ritogskyrslur/salamanca.pdf>
- Menntamálaráðuneytið. (2002). *Íslenska skólakerfið*. <https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/ritogskyrslur/islenskaskolakerfid.pdf>
- Nketsia, W. (2017). A cross-sectional study of pre-service teachers' views about disability and attitudes towards inclusive education. *International Journal of Research Studies in Education*, 6(3), 53-68. <https://doi.org/10.5861/ijrse.2016.1610>
- Ramberg, J. og Watkins, A. (2020). Exploring inclusive education across Europe: Some insights from the European agency statistics on inclusive education. *FIRE: Forum for International Research in Education*, 6(1), 85-101.
- Ráðgjafar- og greiningarstöð. (e.d.). *Þroskahömlun*. <https://www.greining.is/is/fraedsla-og-namskeid/fraedsluefni/throskahamlanir>
- Reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla nr. 585/2010.
- Reglugerð um sérkennslu nr. 98/1990.
- Reykjavíkurborg. (2015). *Starfshópur um undirbúning og stofnun teymis til stuðnings við börn og ungmenni á grunnskólaaldri með fjölþættan vanda*. https://2021.reykjavik.is/sites/default/files/yomis_skjol/skjol_utgefing_efni/94_2.1_skyrsla_starfshops_fjolthaettan_vanda.pdf
- Reykjavíkurborg. (2017). *Skýrsla teymis um skólaforðun barna í efri bekkjum grunnskóla og neðstu bekkjum framhaldsskóla*. https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/lokaeintak_skyrsla_teymis_um_skolafordun_4.april_.pdf
- Ruth Jörgensdóttir Rauterberg og Anna Björk Sverrisdóttir. (2020). Reynsla og upplifun þroskaþjálfara í grunnskóla af áhrifum COVID-19 faraldursins á þjónustu við nemendur. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun: Sér rit 2020 – Menntakerfi og heimili á tímum COVID-19*. https://netla.hi.is/serrit/2020/menntakerfi_heimili_covid19/06.pdf
- Salaskóli. (e.d.). *Sérkennsla*. <https://salaskoli.is/hagnytarupplýsingar/serkennsla/>

- Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013.
- Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks /2007.
- Seale, C. (2018). *Researching Society and Culture*. Sage Publications.
- Sesselja Árnadóttir og Anna-Lind Pétursdóttir (2013). „Ég get núna“: Upplifun nemenda af virknimati og einstaklingsmiðaðri stuðningsáætlun. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun: Sérít 2013 – Fagið og fræðin*. https://netla.hi.is/serrit/2013/fagid_og_fraedin/005.pdf
- Setbergsskóli. (2020). *Stuðningur við nemendur*. <https://www.setbergsskoli.is/media/nam-og-kennsla/Stuðningur-vid-nemendur-haust-2020.pdf>
- Shapiro, B. K. og Batshaw, M. L. (2019). Intellectual disability. Í M. L. Batshaw, N. J. Roizen og L. Pellegrino (ritstjórar ritraðar), *Children with Disabilities* (bls. 249-258). Paul H. Brookes Publishing Co.
- Sigrún Harðardóttir og Guðrún Kristinsdóttir. (2016). Námserfiðleikar og velgengi í námi. Um mikilvægi stuðnings. *Netla-Vef tímarit um uppeldi og menntun*. https://netla.hi.is/greinar/2016/ryn/02_ryn_arsrit_2016.pdf
- Sigrún Harðardóttir, Ingibjörg Karlsdóttir og Alex Björn Stefánsson. (2022). Þættir sem hafa áhrif á möguleika grunnskólakennara til að styðja við börn með námserfiðleika og fjölþættan vanda. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun: Sérít 2022 – Framtíð og tilgangur menntunar: Sérít til heiðurs Jóni Torfa Jónassyni, prófessors emeritus*. https://netla.hi.is/serrit/2022/heidurs_jon_torfa/16.pdf
- Snæfríður Þóra Egilson. (2016). Skólapátttaka fatlaðra nemenda - Viðvera tryggir ekki þátttöku. Í Dóra S. Bjarnason, Hermína Gunnþórsdóttir og Ólafur Páll Jónsson (ritstjórar ritraðar), *Skóli margbreytileikans - menntun og manngildi í kjölfar Salamanca* (bls. 118-132). Háskólaútgáfan.
- Steingerður Ólafsdóttir, Sigrún Sif Jóelsdóttir, Lára Rún Sigurvinsdóttir, Dóra S. Bjarnason, Anna Kristín Sigurðardóttir og Kristín Erla Harðardóttir. (2014). *Skóli án aðgreiningar - Samantekt á lögum og fræðilegu efni*. https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/ritogskyrslur/skyrsl_skoli_adgr_samant_loeg_fr_2015.pdf
- Tryggvi Sigurðsson. (2008). Alþjóðlegar skilgreiningar á þroskahömlun. Í Bryndís Halldórsdóttir, Jóna G. Ingólfssdóttir, Stefán J. Hreiðarsson og Tryggvi Sigurðsson (ritstjórar ritraðar), *Þroskahömlun barna. Orsakir - eðli - íhlutun* (bls 35-39). Háskólaútgáfan
- Unnur Helga Óttarsdóttir. (2022). *Skóli án aðgreiningar*. Þroskahjálp. <https://www.throskahjalp.is/is/samtokin/frettir/skoli-an-ad-greiningar>
- Vinakot. (e.d.). *Skólakot*. <https://vinakot.is/skolakot/>

What is autism?: What is autism? What is autism spectrum disorder? (2012, 23. maí). *Asheville Citizen-Times NC*. <https://www.proquest.com/newspapers/what-is-autism/docview/1471228659/se-2>

World Health Organization. (2023, 7. mars). *Disability*. <https://www.who.int/news-room/fact-sheets/detail/disability-and-health>

Þorvaldur Kristinsson. (2015). *Þroskaþjálfar á Íslandi: Saga stéttar í hálfu öld*. Þroskaþjálfafélag Íslands

Þroskaþjálfafélag Íslands. (2016). *Síðareglur þroskaþjálfara*. <http://www.throska.is/is/um-felagid/thi/sidareglur>

Viðauki 1

Viðtalsrammi

1. Hvert er þitt starfsheiti?
2. Hvað ertu búin að vera lengi í þessu starfi?
3. Hver er menntun þín?
4. Geturu sagt okkur aðeins frá þínu starfi og helstu verkefnum?
- Hvað sinnir þú mörgum nemendum?
5. Geturu sagt okkur aðeins frá stoðþjónustunni hjá ykkur og hvað hún felur í sér?
6. Hefur þessi skóli sérstöðu samanborið við aðra skóla?
- Ef já, ertu til í að útskýra það nánar?
7. Þegar illa gengur hjá nemanda í almennum bekk hvort sem það er námslega eða félagslega, hvaða úrræði eru í boði fyrir hann?
- En ef að sérkennsla hentar ekki nemendanum, hvaða úrræði er þá fyrir hann?
(ef þau svara spurningunni á undan sem sérkennsla)
8. Er heildræn stefna innan skólans varðandi úrræði fyrir nemendur með auknar stuðningsþarfir?
- Ef já hver er stefnan?
- Ef nei afhverju ekki?
9. Fá þeir nemendur einstaklingsmiðaða námsáætlun?
10. Hvernig telur þú að best megi mæta þörfum barna sem þurfa mikinn stuðning hvort sem það er námslega eða félagslega?
11. Hver er þín skoðun á sérskólum/úrræðum þar sem börn eru ein í "bekk" með kennara eða leiðbeinanda?
-Hvaða áhrif telur þú það hafa í sambandi við félagsleg tengsl?
- En varðandi tilfinningahæfni?
12. Hefur þú reynt á því að sinna stuðningi inni í bekk?
13. Hefur þú reynt á því að sinna stuðningi/sérkennslu fyrir utan bekkinn?
- Hvor aðferðin hefur reynt þér betur og afhverju?

- Telur þú mikilvægt fyrir nemanda með sérþarfir að fylgja sínum almenna bekk í eins mikið nám og hægt er ? Hvers vegna/hvers vegna ekki?

14. Telur þú að þið séuð með nógu margt fagfólk í vinnu til þess að sinna þeim nemendum sem eru með miklar stuðningsþarfir?

15. Fær starfsfólk nægan stuðning, fræðslu, handleiðslu og tíma til að sinna nemendum með sérþarfir ?

- Hvernig er samvinna fagfólks ? (teymisvinna o.þ.h.)

- Hvaðan kemur sá stuðningur og handleiðsla sem starfsfólk hefur aðgang að?

16. Hvaða áskorunum mætið þið þegar þið eruð að reyna að koma til móts við ólíkar stuðningsþarfir?

-Er eitthvað sem er erfiðara að eiga við en annað?

17. Hvaða úrræði eru í boði þegar ekki er hægt að koma til móts við stuðningsþarfir barns innan skólans?

18. Hverjar finnst þér að ættu að vera áherslur þegar kemur að menntun barna?

19. Ef þú gætir breytt einhverju í grunnskólakerfinu, hverju myndir þú vilja breyta?

20. Er eitthvað sem þú vilt bæta við að lokum?

Viðauki 2

Tölvupóstur til viðmælenda

Góðan dag

Við undirritaðar erum nemendur í þroskaþjálfrafræði við Háskóla Íslands og að vinna Ba-verkefni. Það fjallar um nemendur með fjölþættar stuðningsþarfir sem passa illa inn í almenna skólakerfið og erum að skoða hvaða úrræði eru í boði fyrir þennan hóp. Verkefnið er eigindleg rannsókn sem byggist meðal annars á viðtölum við fagfólk á vettvangi.

Við erum að leita eftir viðmælendum úr hópi starfsmanna sem gætu veitt okkur innsýn í þessi mál. Viðtölin færu fram í febrúar og erum við að leita eftir fagfólki sem vinna með nemendum með sérþarfir. Farið verður með allar upplýsingar sem trúnaðarmál og einungis til notkunar í þessu tiltekna verkefni.

Væri möguleiki að spjalla við einhvern úr ykkar starfsmannahópi?

Bestu kveðjur

Freydís Dögg Magnúsdóttir og Kristín Helga Auðunsdóttir

Viðauki 3

Samþykkisblað

Upplýst samþykki fyrir viðtali vegna eigindlegrar rannsóknar við skrif á BA-verkefni í þroskajálfafræðum við Háskóla Íslands

-Viðmælanda ber ekki skylda til þess að taka þátt og er frjálst að hætta hvenær sem er í rannsóknarferlinu.

-Viðmælanda er frjálst að neita að svara einhverri spurningu.

- Viðmælandi er meðvitaður um að viðtalið er hljóðritað

- Hljóðritun sem og öðrum viðtalsgögnum verður eytt eftir notkun.

-Gögnin verða einungis nýtt í þetta tiltekna BA-verkefni

-Markmið rannsóknar er að fá innsýn í reynslu kennara og fagaðila sem starfa í stoðþjónustu í grunnskólum. Varpa ljósi á reynslu og upplifun varðandi úrræði sem í boði eru

-Rannsóknin byggist á eigindlegum viðtölum við fagaðila sem starfa í grunnskólum.

-Rannsakandi lofar þagnarskyldu og nafnleynd. Allir þátttakendur fá dulnefni

- Öllum gögnum verður eytt eftir notkun

Mér hefur verið kynntur tilgangur þessarar rannsóknar og í hverju þátttaka

mín er fólgin. Ég er samþykk(ur) þátttöku.

Staður og dagsetning

Undirskrift viðmælanda
